



Kristinn Sigmundsson
KOMINN AFTUR
Í ÍSLENSKU
ÓPERUNA ▶ 40



GOSIÐ Í HOLUHRAUNI ▶ 38

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi
og Arnarbakka

OPÍÐ
24
TÍMA

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
13. september 2014
215. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðastöðunni Laugavegur, Gellir, apríl-júní 2014



PRÝSTINGURINN BREYTTI OKKUR ÖLLUM

Jón Óttar Ólafsson,
fyrirverandi rannsóknarlögreglumaður
há sérstökum saksóknara, segir að viðhorf sín til
rannsókna efnahagsbrotamála séu gerbreytt eftir að
hann sjálfur þurfti að svara fyrir kærnu frá embættinu
vegna brota á trúnaði í starfi. ▶ 26



HRÆDILEGT SLYS
Ebba Guðný Guðmundsdóttir
segir umfjöllun fjölmiðla um
mál og persónu Oscars Pistorus
fulla af rangfærslum. ▶ 32



**SJÁLFSTÆTT
SKOTLAND?**
▶ 34



**JARÚN
JÚLÍA
SLÓ Í
GEGN Í
HÖRPU**
▶ 48

FÓLK
GLUGGAR OG GLER
LÆTIR
TI

atvinna
sviðsþjón réttinda- og höfðeðnis

LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is

Opið alla daga frá kl. 8-24 í Lyfju Lág múla og Smáratorgi

GLEÐIFRÉTTIN

Sigur Íslands á Tyrkjum

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta hóf undankeppni EM 2016 með látum á Laugardalsvelli á þriðjudag þegar Tyrkjum var skellt í fyrsta leik, 3-0. Jón Daði Böðvarsson, Gylfi Þór Sigurðsson og Kolbeinn Sigbórsson skorðu mörk Íslands. „Það er ekkert annað hægt en að vera hamingjusamur þjálfari eftir svona leik. Þetta var nánast fullkominn leikur fyrir okkur þjálfarana,“ sagði Heimir Hallgrímsson, annar landsliðsþjálfara Íslands.



FIMM Í FRÉTTUM FLÝGUR TIL AMERÍKU OG FORSTJÓRABÚSTAÐUR RIFINN



Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðapjónustunnar, segir jákvætt að spá Arion banka geri ráð fyrir að draga muni úr fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi á næstunni.



Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitunnar, ætlar að láta rífa sumarhús fyrirtækisins við Þingvallavatn. Um er að ræða svokallaðan forstjórabústað í Riðvík í landi Nesjavalla og verður hann rifinn næsta sumar.



Helga Margrét Reykdal, framkvæmdastjóri True North, segir að framleiðendur kvikmyndarinnar Noah, sem tekin var upp hér á landi sumarið 2012, hafi ekki enn fengið þá 20 prósentu endurgreiðslu frá atvinnuvegaráðuneytinu sem þeim ber.



Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala-háskólasjúkrahúss, segir spítalann þurfa meira fé. Spítalinn fái nú um 10 prósentum minna fé úr ríkissjóði en hann gerði árið 2008 miðað við fast verðlag.



→ **Skúli Mogensen**, forstjóri og eigandi Wow air, segir flugfélagið ætla að hefja áætlanarflug til Norður-Ameríku næsta vor.

VIKAN 6.9.→12.9.2014

LAUGARDAGUR Eldur í hvalasýningu Eldur kviknaði í hvalslíkani á Hvalasýningunni á Fiskislóð. Líkanið var það síðasta af 23 sem unnið hafði verið að hörðum höndum undanfarnar vikur að setja upp og átti að opna sýninguna fimm dögum síðar. Miklar söt- og vatnsskemmdir urðu á sýningunni og ljóst að tjónið er mikið. Talið er mögulegt að kviknað hafi í út frá rafsuðu en líkónin eru úr plastefni sem fuðrar upp.

SUNNUDAGUR Nýr ritstjóri DV Á fundi nýrrar stjórnar útgáfufélags DV var Hallgrímur Thorsteinsson ráðinn ritstjóri DV og dv.is. Reynir Traustason var leystur undan starfsskyldum sínum og hóf Hallgrímur störf á mánudeginum.

MÁNUDAGUR Lögreglan stjórnar ekki internetinu Erlend spjallsíða þar sem íslenskir karlmenn skiptast á myndum af fálæddum íslenskum stúlkum er enn í fullum gangi. Lögreglan hefur rannsakað málið undanfarið hálf tveggja ár og í samtali við Fréttablaðið sagði Friðrik Smári Björgvinsón yfirlögregluþjónn lögregluna ekki geta stemmt stígu við myndum sem deilt er á internetinu.



ÞRIÐJUDAGUR Ping sett Pingsetning hófst með guðspjónustu í Dómkirkjunni og var nýtt fjárlagafrumvarp afhent klukkan fjögur. Helstu fréttir úr frumvarpinu voru að áætlað er að lægra þrep virðisaukaskatts hækki úr sjö prósentum í tólf og efra þrepjið lækki úr 25,5 prósentum í 24 prósent þann 1. janúar á næsta ári.

MIDVIKUDAGUR Börn haldi sig innan dyra Umhverfisstofnun sendi frá sér áriðandi tilkynningu til íbúa á Reyðarfirði vegna mikils styrks brennisteinstvildis, SO2. Um var að ræða efni í lofti sem berast frá gosstöðvunum í námunda við Bárðarbungu.

FIMMUDAGUR Málsmeðferð gegn Gálghaunsmót-mælendum Aðalmeðferð í máli lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu gegn nýju einstaklingum sem handteknir voru í mótmælunum í Gálghaunni fór fram í Héraðsdómi Reykjaness. Salurinn var þéttsetinn fólki og komust færri að en vildu.

FÖSTUDAGUR Erlendir ferðamenn á Landspítalanum



Komum erlendra ferðamanna á Landspítalanum hefur fjölgað verulega fyrstu átta mánuði ársins. María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landspítalans, segir mikla vinnu á bak við hvern erlenda sjúkling. „Það er heilmikil pappírsvinna í kringum erlenda sjúklinga og mun meiri en kringum þá innlendu.“

Slysa-hætta af húsi sem borgin leyfir ekki að rífa

Eigendur hússins að Veghúsastíg 1 hafa ítrekað sótt um leyfi til niðurrifs og segja húsið ónýtt. Húsið er á lista lögreglu og slökkviliðs um yfirgefin hús og dópgreni. Byggingarfulltrúinn í Reykjavík segist vilja láta endurmeta ástand hússins áður en örlög þess verða endanlega ráðin.

SKIPULAGMÁL „Við erum 100 prósent sammála slökkviliði og lögreglu um að húsið sé slysa-gildra. Við erum búin að vara Reykjavíkurborg við þessu og óskuðum síðast eftir því í ágúst að fá að rífa húsið,“ segir Stefán S. Guðjónsson, fulltrúi eigenda húss að Veghúsastíg 1 í Reykjavík.

Húsið, sem Stefán segir ónýtt eftir að hitaveiturör sprakk í því fyrir fjórum árum, hefur staðið autt til margra ára og er eitt af þeim húsum sem eru á lista lögreglunnar og slökkviliðs Reykjavíkur yfir yfirgefin hús og dópgreni í borginni. Stefán furðar sig á því að á meðan slökkviliðið sé markvisst að vinna að fækkun þessara húsa, fáiast ekki leyfi frá borginni til að rífa það niður. Að sögn Stefáns hefur fjölskyldan ítrekað óskað eftir leyfi til að fá að rífa húsið en án árangurs.

Stefán segir misræmi vera í fyrir-mælum slökkviliðs og lögreglu annars vegar og borgarinnar hins vegar. „Eftir lekann fór slökkviliðið fram á að við myndum byrgja alla glugga og loka húsinu. Nokkru síðar fengum við bréf frá borginni þar sem við vorum beðin um að mála húsið og laga gler í gluggum sem við gerðum. Nú vill slökkviliðið aftur láta byrgja gluggana og maður veit bara ekkert hverjum maður á að taka mark á.“

Stefán gagnrýnir Reykjavíkurborg fyrir seinagang og segir vanta kjark og þor til að taka á málinu. Á meðan sé húsið slysa-gildra.

„Í fyrstu var ástæðan sú að húsið var talið friðað en Minjastofnun Íslands hefur nú staðfest að húsið sé ónýtt og aflétt friðuninni. Við ítrekuðum því beiðni okkar um niðurrif, en þrátt fyrir að þetta liggi fyrir virðist borgin ekki geta tekið þessa ákvörðun. Ábyrgðin er því algjörlega hennar. Þetta er stór-



ÓNYTT HÚS Stefán S. Guðjónsson, fulltrúi eigenda, vill láta rífa húsið sem hann segir skapa slysa-hættu.

hættulegt og bara tímaspursmál hvenær einhver slasar sig þarna.“

Björn Stefán Halldórsson, byggingarfulltrúi hjá Reykjavíkurborg, segir að borgin vilji láta gera annað mat á húsinu áður en endanleg ákvörðun verður tekin um niðurrif þess.

„Húsið hefur þótt vera fulltrúi þessarar gerðar húsa frá þessum tíma á þessum stað og hefur þótt gott hús til þessa. Við viljum fyrst og fremst vera viss um ástand hússins en ef það reyn-

“Húsið hefur þótt vera fulltrúi þessarar gerðar húsa frá þessum tíma á þessum stað og hefur þótt gott hús til þessa.

Björn Stefán Halldórsson, byggingarfulltrúi Reykjavíkur.

ist vera ónýtt gæti reynst nauðsynlegt að rífa það. Við erum í rauninni að láta athuga hvað réttast sé að gera,“ segir byggingarfulltrúi.

hanna@frettabladid.is

Forstjóri Landspítalans segir ekki búið að jafna niðurskurð hjá Landspítala: Segir Vigdís fara með rangt mál

HEILBRIGÐISMÁL Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans, segir Vigdís Hauksdóttur formann fjárlaganefndar Alþingis fara með fleipur þegar hún haldi því fram að framlög til sjúkrahússins hafi numið 10 milljörðum með fjárlögum ársins 2014 og frumvarpi til ársins 2015. Þar með hefði niðurskurður verið jafnaður.

Þetta kemur fram í forstjórastöngu sem Páll ritar á vef Landspítalans í gær. Í honum vitnar Páll í ummæli sem Vigdís lét falla í gærmorgun á Bylgjunni. Páll segir að ef jafna



VIGDÍS HAUKSDÓTTIR

hefði átt hallann hefðu framlög til sjúkrahússins orðið að nema 16 milljörðum króna á tímabilinu. Framlög þessi tvö ár hafi hins vegar numið 6,3 milljörðum króna.

„Þetta fer nokkuð fjarri þeim tíu milljörðum sem formaðurinn nefndi,“ segir forstjórinn og heldur áfram. „Staðreyndin er sú að í ár fær Landspítali um 10 prósent minna fé til reksturs en hann fékk árið 2008 miðað við fast verðlag.“

Að sögn Páls hefur síðan þá ekki einungis



“Staðreyndin er sú að í ár fær Landspítali um 10 prósent minna fé til reksturs en hann fékk árið 2008 miðað við fast verðlag

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítalans.

verið hagrætt gríðarlega í starfsemi, eins og formaður fjárlaganefndar bendir réttilega á heldur hafi einnig verið bætt við fjölmörgum nýjum verkefnum. Þar tiltekur forstjórinn sérstaklega þjónustu við eldri borgara.

-jme



Hefst 3. september

Bakleikfimi

Betri líðan í hálsi, herðum og baki undir leiðsögn sjúkraþjálfara

Hádegis- og eftirmiðdagstímar í Grensáslaug, Grensásvegi 62. Með samþávi í Heilsuborg, Faxafeni 14

Skráning á www.bakleikfimi.is og í síma 897 2896

BREIÐU BÖKIN





STÓRTÍÐINDI NÝR DACIA LOGAN MCV **DÍSIL**

Hugsanlega sennilega

STÆRSTI, ÓDÝRASTI OG SPARNEYTNASTI FJÖLSKYLDUBÍLL Á ÍSLANDI

Opið í dag frá kl. 12 - 16
Komið og reynsluakið



Verð kr.

2.890

pús.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)
Eyðsla í blönduðum akstri **3,8 L/100 km***



Hlaðinn staðalbúnaði m.a. - Íslenskt leiðsögukerfi - 7" LED skjár - Bakskynjarar - Hraðastillir (Cruise control) - Handfrjáls símabúnaður Bluetooth USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod - Útvarp, CD, 4 hátalarar og MP3 tenging - Aðgerðahnappar í stýri - Sex aðgerða akstursthönd - Útíttamælir Ræsinör - Loftkæling AC - Leðurstýri - Litaðar rúður - Svart „Compass“ tauáklæði - 1/3 og 2/3 niðurfellanleg aftursæti - Hæðarstilling á öikumannssæti ESC Stöðugleikastýring - Pokuljós að framan

*Miðað við uppgæfna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.



BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

5.9.2014 → 12.9.2014

116 langreyðar hafa verið veiddar síðan hvalveiðitímabilið hófst 15. júní síðastliðinn.

ELLEFU MILLJARÐA vantar Háskóla Íslands til að standa jafnfætis öðrum háskólum á Norðurlöndunum.

272,3 MILLJÓNIR fær NATO í framlög frá íslenska rík- inu samkvæmt fjárlögum, 7,3 millj- önum meira en á fjárlögum 2014.

233 KR. kostar flaska af Brío í áfengisverslun sænska ríkisins. Hér á landi kostar flaska af bjór- num 329 krónur.

75% einstaklinga sem útskrifast hjá starfsendurhæfingarsjóðnum VIRK fara út á vinnumarkað eða í láns hæft nám.

600? missa atvinnuleysis- bætur um áramótin.

2.500 tölur vinna rafmyntina Bitcoin í gagnaveri Advania í Reykja- nesbæ. Yfir 20 erlend fyrirtæki leigja aðstöðu í gagnaverinu.

146 MILLJARÐAR er markaðsverðmæti stoðtækjafyrirtækis- ins Össurar.



FÆR AÐSTOÐ Sex manna afgönsk fjöl- skylda flytur til Hafnarfjarðar.

Afganskir flóttamenn komnir: Fá skjól og aðstoð í Hafnarfirði

FÉLAGSMÁL Hafnarfjarðarbær ætlar að aðstoða og styðja sex manna fjölskyldu sem er komin til landsins frá Afganistan. Fjölskyldan er komin hingað á grundvelli ákvörðunar ríkis- stjórnarinnar um móttöku flótta- fólks en hún miðaðist við að tekið skuli á móti konum í hættu frá Afganistan. Flóttamannanefnd var falið að undirbúa móttöku fólksins og var leitað til Hafnarfjarðar um möguleika og vilja bæjarfélags- ins til þess að taka að sér verk- efni sem þetta.

Tillaga dönsku stjórnarinnar: Stríðsmenn snúi ekki aftur

DANMÖRK Dönsk stjórnvöld hafa lagt til að erlendir ríkisborgarar, sem búa í Danmörku og fara til Síurlands til að taka þátt í stríðinu þar, verði sviptir dvalarleyfi í Danmörku. Lítið er svo á að ögn geti stafað af þeim þegar þeir snúa aftur til Danmerkur. Dómsmálaráðherra Danmerkur, Karen Hækkerup, segir í við- tali við danska ríkisútvarpið að ekki eigi að bjóða þá velkomna aftur hafi þeir haldið út í stríð þrátt fyrir varnaðarorð.

Vonast eftir nýjum millilandaflugvelli

Nýting hótélherbergja er að jafnaði best í Reykjavík en verst á Vestfjörðum og Vesturlandi, samkvæmt nýrri rannsókn. Bæjarstjórinn á Ísafirði segir vetrarferða- mennsku þar háða samgöngum á landi, en vonast eftir nýjum flugvelli.

„Það sem kemur á óvart er hvað nýtingin í 101 er rosalega mikil og í raun á höfuðborgarsvæðinu öllu. Ef maður skoðar tölur fyrir árið í ár er nýtingin í mars 97,5 prósent og það er náttúrulega bara ótrúlegt,“ segir Anna Hrefna Ingimundardóttir, sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka. Hún kynnti nýja skýrslu um stöðu hótél- markaðarins á morgunverðarfundi bankans í fyrradag. Ein af niðurstöðunum úr skýrsl- unni er sú að mun minni árstíða- sveifla sé í nýtingu hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar. Meðalnýtingin á höfuðborg- arsvæðinu er 77 prósent yfir árið en minnst er hún á Vesturlandi og Vestfjörðum, eða 39,5 prósent.

„Helsta ástæðan fyrir því að árs- tíðasveiflan er minni á höfuðborg- arsvæðinu er kannski ekki síst sú að þeir sem koma á veturna eru lík- legri til að halda sig í borginni. Það eru meira viðskiptatengdar ferðir. Það eru síður fjölskylduferðir og meira um það að þeir sem koma séu einir í herbergi,“ segir Anna Hrefna. Það sé því ekki endilega góð rúmanýting þótt herbergjaný- tingin sé góð.

Anna Hrefna segir að það sé mjög jákvætt hvað tekist hafi að draga úr árstíðasveiflunni. „Sam- kvæmt mínum upplýsingum þarf rosalega lítið markaðsstarf til að auglýsa sumarferðir. Allt markaðs- starfið miðar eiginlega að því að fá fólk utan sumarmánaðanna. Starfið í kringum alla þessa viðburði, eins og HönnunarMars, Food and Fun og Iceland Airwaves, er að skila sér,“ segir hún.

„Það hefur verið unnið mikið í



MIDBÆR ÍSAFIJARÐAR Ferðamennska á Ísafirði er háð samgöngum á landi, segir Gísli Halldór.

því að lengja tímabilið fram í maí og september og teygja það inn í vorið og haustið en af ýmsum sam- gönguástæðum hefur verið erfið- ara fyrir okkur að markaðssetja á fullum krafti fyrir vetrartímam. Það er hins vegar þannig að við erum með mjög góðar aðstæður bæði á norðursvæðinu og suðursvæðinu til að hýsa ráðstefnur og ráðstefnugesti. Málið er bara að það þarf að skipuleggja það með akstri. Það er ekki hægt að reiða sig á flug,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði.

Flugvöllurinn á Ísafirði er ekki millilandaflugvöllur og það háir ferðabjónustunni. „En ég er nátt- úrlega viss um það að þessi 50-70

Helsta ástæðan fyrir því að árstíðasveiflan er minni á höfuðborgarsvæðinu er kannski ekki síst sú að þeir sem koma á veturna eru líklegri til þess að halda sig í borginni. Anna Hrefna Ingimundardóttir, sérfræðingur hjá Greiningadeild Arion banka.

þúsund tonn sem stefnir í að verði hérna á næsta áratug af fisk- eldi muni knýja menn til að koma hérna á alþjóðaflugvelli. Ég sé ekkert annað í stöðunni en að menn muni vilja það þegar öllum þessum verðmætum verður skipað á land,“ segir hann.



ÚR SÉR GENGIÐ Húsnæði lyflækninga- deildar Landspítalans er slitnið og lúðið.

Of mikið álag á Landspítala: Illa gengur að fá lyflækna í störf

HEILBRIGÐISMÁL Ástandið á lyf- lækningadeild Landspítalans er afar slæmt samkvæmt úttekt landlækniseimbættisins. Í úttektinni kemur fram að húsnæði er úr sér gengið og stenst ekki nútímakröfur. Í viðtölum við stjórnendur og starfsfólk komu fram margir þættir sem taldir voru geta ógnað gæðum þjónustu og öryggi sjúklinga, svo sem mikið álag, of fá rúm, of mörg fjölbýli, of fá einbýli, gangainnlagnir, skortur á tækj- um, mannekla og ófullnægjandi húsnæði og starfsaðstaða. Þá kemur fram að illa gangi að fá lækna til starfa á deildinni.

Frestur hjá stjórnarskrárnefnd: Ábendingar komi fyrir 1. október

STJÓRNMÁL Stjórnarskrárnefnd óskar eftir athugasemdum við fyrstu áfangaskýrslu sína. Þau málefni sem sett voru í forgang eru: þjóðaratkvæða- greiðslur á grundvelli undir- skrifta, framsal valdheimilda í þágu alþjóðasamvinnu, auðlindir og umhverfisvernd. Hlutverk stjórnarskrárnefnd- ar er að leggja til breytingar á stjórnarskránni með hlífðsjón af þeirri vinnu sem farið hefur fram á undanförunum árum. Hægt er að gera athugasemdir til 1. október.

Kanarí 31. okt. til 26. nóv. **vita** GOTTA FÓLK 60+ **Roque Nublo** Verð frá: 188.900 kr. og 12.500 Vildarpunktar* Á mann m.v 2 fullorðna í íbúð m/1. svefnh. á Roque Nublo í 26 nætur. *Verð án Vildarpunkta 198.900 kr.

Veðurspá Gildistími korta er um hádegi

Alicante 30°	Friedrichshafen 20°	New York 20°
Apena 29°	Gautaborg 20°	Orlando 31°
Basel 23°	Kaupmannahöfn 20°	Ósló 20°
Berlín 22°	Las Palmas 27°	París 24°
Billund 21°	London 21°	San Francisco 23°
Frankfurt 21°	Mallorca 30°	Stokkhólmur 16°

Á MORGUN Strekkingur vestan til en annars fremur hægur vindur.

MÁNUDAGUR Strekkingur allra vestast og austast, annars hægari.

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

PURRT Í DAG en fer að rigna í nótt eða fyrramálið sunnan og vestanlands. Annað kvöld bætir svo í úrkomuna þegar skil ganga til austurs yfir landið. Styttir upp á mánudag, fyrst vestan til, og léttir heldur til um tíma.

AUGLÝSINGAÐEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal joni@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjórdís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranar Helgason hrranar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

AFSLÁTTUR: 170.000 KR.



TILBOÐ: 2.690.000 KR.

Ford Focus Titanium USL85
Skráður júní 2012, 1,6i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 86.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 2.860.000 kr.

AFSLÁTTUR: 350.000 KR.



TILBOÐ: 6.530.000 KR.

Ford Explorer Limited TGX72
Skráður maí 2012, 3,5i bensín, sjálfskiptur
Ekinn 93.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 6.880.000 kr.

AFSLÁTTUR: 130.000 KR.



TILBOÐ: 1.790.000 KR.

Citroën C3 Seduction Airdream BAE53
Skráður maí 2012, 1,6 HDi dísil, beinskíptur
Ekinn 65.000 km. Litur: Dökkgrár
Ásett verð: 1.920.000 kr.

AFSLÁTTUR: 150.000 KR.



TILBOÐ: 2.340.000 KR.

Citroën Berlingo Multispace ULN53
Skráður apríl 2012, 1,6 HDi dísil, beinskíptur
Ekinn 67.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 2.490.000 kr.

BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

ÓDÝRARI REKSTUR

Nýlegir bílar lækka rekstrar-
kostnaðinn með **lægri eyðslu** og
minna viðhaldi og eru jafnframt
öruggari. Skoðaðu úrval nýlegra
bíla strax í dag.

Finndu bílinn þinn á:
notadir.brimborg.is

LÆGRA VERÐ

Kauptu nýlegan bíl á lægra verði.
Nýlegir bílaleigubílar eru af nýjustu
gerðum (árgerðir 2012, 2013, 2014)
en fást á **læggra verði**.

Hafðu samband við ráðgjafa
og við gerum þér frábært tilboð.

Nýttu tækifærið!

LÉTTARI KAUP

Landsbankinn og Brimborg létta
þér kaupin á nýlegum bíl.

Landsbankinn býður **sérkjör**
á fjármögnun við kaup á
nýlegum bílaleigubíl frá Brimborg:

- 9,15% vextir
- Lægri lántökugjöld
- Allt að 7 ára lánstími
- Allt að 75% fjármögnun



Brimborg tekur allar tegundir
bíla upp í Hagstætt uppítökverð.

KOMDU NÚNA

AFSLÁTTUR: 200.000 KR.



TILBOÐ: 3.650.000 KR.

Ford Galaxy Ghia MPV IRS54
Skráður apríl 2012, 2,0 TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 94.000 km. Litur: Ljósbrúnn
Ásett verð: 3.850.000 kr.

AFSLÁTTUR: 140.000 KR.



TILBOÐ: 1.150.000 KR.

Citroën C1 sx GPU11
Skráður apríl 2012, 1,0i bensín, beinskíptur
Ekinn 72.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 1.290.000 kr.

AFSLÁTTUR: 140.000 KR.



TILBOÐ: 2.390.000 KR.

Mazda3 Advance OXN64
Skráður apríl 2013, 1,6 TDi dísil, beinskíptur
Ekinn 65.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 2.530.000 kr.

AFSLÁTTUR: 400.000 KR.



TILBOÐ: 8.350.000 KR.

Volvo XC90 Mom. AWD D5 VPY19
Skráður des. 2012, 2,4 D5 dísil, sjálfskiptur
Ekinn 85.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 8.790.000 kr.

AFSLÁTTUR: 180.000 KR.



TILBOÐ: 2.290.000 KR.

Citroën C4 Comfort LN223
Skráður maí 2013, 1,6 HDi dísil, beinskíptur
Ekinn 72.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 2.470.000 kr.

AFSLÁTTUR: 360.000 KR.



TILBOÐ: 4.090.000 KR.

Ford Kuga Titanium S YLD59
Skráður desember 2012, 2,0 TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 84.000 km. Litur: Hvítur
Ásett verð: 4.450.000 kr.

AFSLÁTTUR: 300.000 KR.



TILBOÐ: 3.290.000 KR.

Ford Kuga Titanium S NPX65
Skráður apríl 2012, 2,0 TDCi dísil, beinskíptur
Ekinn 100.000 km. Litur: Ljósgrár
Ásett verð: 3.590.000 kr.

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

NOTADIR.BRIMBORG.IS



Notaðir bílar
- Brimborg

FYLGSTU MED
NÝJUSTU TILBOÐUNUM

FINNDU BÍLINN
PINN HÉR

50 ár í bílgraininni

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Myndir í auglýsingunni eru af sambærilegum nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur bílanna getur því verið frábrugðinn myndunum í auglýsingunni.

EINSTÖK BRAGÐGÆÐI

Lífrænu kaldpressuðu kryddolíurnar eru dásamlega bragðgóðar og ómissandi í alla matargerð.

Lífrænar vörur á góðu verði.



Líka hollt
syrir budduna



**HIMNESK
HOLLUSTA**

ÞAÐ ER HEILBRIGÐ SKYNSEMI

Áfram varað við gasmengun frá Holuhrauni og fylgst með hraunstraumi: Hætta á sprengingum í Svartá

ELDGOS Fylgjast þarf vel með því þegar hraunstraumurinn nær Svartá að sögn Freysteins Sigmundssonar, jarðeðlisfræðings hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands.

„Þegar hraunið kemur þangað þarf að fara yfir stöðuna. Meira grunnvatn er í ánni og því gæti orðið meiri sprengivirkni þar en í Jökulsá á Fjöllum,“ segir Freysteinn. Búast má við því að hraunið nái að bökkum Svartár á næstu dögum. Um helgina verður hægt að

ákvarða út frá GPS-mælum hvort sigið í öskjunni undir Bárðarbungu haldi áfram. Enn er talið jafn líklegt að gos hefjist undir jöklinum í Bárðarbungu. „Það gæti orðið hættulegur atburður hvort sem það yrði stórt eða lítið gos vegna hættu á jökulhlaupi,“ segir Freysteinn.

Áfram er varað við háum styrk brennisteinstvildis frá eldgosinu á Austfjörðum. Finni íbúar á svæðinu fyrir óþægindum eru þeir beðnir að halda sig innandyra.



FREYSTEINN SIGMUNDSSON
Enn jafn líklegt að gos hefjist í Bárðarbungu, segir jarðeðlisfræðingur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vantar hvata til að hefja tilraunaveiðar

Koma þarf á skipulagi þar sem frumkvöðlar sem leggja í áhættusamar tilraunaveiðar njóti afraksturs frumkvöðlastarfs með sanngjörnum hætti. Mikil verðmæti gætu falist í veiðum og vinnslu sjávardýra sem lítill gaumur er gefinn í dag.

SJÁVARÚTVEGUR Auðvelda þarf frumkvöðlum að hefja tilraunaveiðar á vinnuþættum tegundum á Íslandsmiðum. Sérstaklega á þetta við um þá sem hafa minna umleikis. Veiðar, vinnsla og úthugsuð markaðssetning þessa sjávarfangs geymir mikla möguleika til verðmætastöðvunar í íslenskum sjávarútvegi.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í nýrri greiningu Íslenska sjávarklasans um tækifæri í vinnuþættum sjávardýrategundum.

Bjarki Vigfússon, hagfræðingur hjá Sjávarklasnum, útskýrir að smærri aðilar hafi mjög takmarkaða möguleika til að hasla sér völl í tilraunaveiðum, þær eru dýrar og litlir möguleikar til að sækja fjármagn til sjóðakerfisins.



**BJARKI
VIGFÚSSON**

„Stóru sjávarútvegsfyrirtækin hafa hins vegar mörg hver lítinn áhuga á litlum og vinnuþættum tegundum og smærri aðilarnir hafa ekki fjármagnið sem þarf. Hins vegar, ef eitthvað kemur út úr tilraunaveiðum smærri aðila hafa stóru aðilarnir möguleika á að hefja veiðar í þeim tegundum í miklu magni á skömmum tíma og styrkja þannig stöðu sína verulega gagnvart því að fá úthlutaðan rétt til veiða úr þeim stofnum síðar,“ segir Bjarki.

Því vantar einhvers konar gagnsætt, stöðugt og sanngjarnt fyrirkomulag í kringum veiðar á nýjum tegundum sem gefur smærri aðilum færi á að stunda þróunarstarfið af einhverjum krafti og tryggir þeim síðan einhvern nýtingarrétt í framhaldinu, enda séu smærri aðilarnir ekki síður líklegir en þeir stærrir til að skapa verðmæti úr nýjum tegundum.

Eins kemur fram í greiningu



SJÁVARFANG Fjölmargar tegundir við Ísland eru lítt eða ekki nýttar, en eru kóngafæði engu að síður.
MYND/SÆFERDIR

Van- og ónýttar tegundir við Ísland

TEGUND	STAÐA VEIÐA	AFLI OG STOFNSTÆRÐ
Beitukóngur	89 tonn 2013	Ráðgjöf Hafró 750 tonn
Beitusmökkur	Tilraunaveiðar	Lítt rannsakað 1.600 tonn veidd 1984
Gaddakrabbí	Tilraunaveiðar	Stofnvísitala 260 tonn
Gulldepla	Veiðar frá 2008	Hámarksafli 46.000 tonn Engu landað 2013
Ígulker	Árlegur afli 125–145 tonn	Ekki vitað
Kræklingur	Tilraunaveiðar	Stofnstærðarmat 15.000 tonn
Kúfiskel	Engar veiðar síðan 2009	Leyfilegur afli 35.500 tonn á ári
Sæbjúga	Tilraunaveiðar frá 2003	Stofnstærð 26.000 tonn
Grjótkrabbí	Fannst fyrst 2006	Lítið þekkt
Trjónukrabbí	Veiðitilraunir	Stofnstærð áætluð um 80.000 tonn

Sjávarklasans að í íslensku lögsögunni er nokkur fjöldi vunnitra tegunda. Stofnstærðir flestra þessara tegunda eru smærri en þeirra sem nú eru verðmætastar í íslenskri útgerð og eðli málsins samkvæmt ríkir enn nokkur óvissa um arð-

semismöguleika í veiði flestra þeirra. Þá verður einnig að taka tillit til þess að sumar tegundir sem nú teljast lítið nýttar flakka talsvert inn og út úr lögsögunni og stöðugleiki í veiði þeirra því lítill.

svavar@frettabladid.is

Matvælastofnunin í Svíþjóð varar við fæðubótarefninu Jacked Power Heilablæðing í kjölfar neyslu

NEYTENDUR Matvælastofnunin í Svíþjóð varar við fæðubótarefninu Jacked Power eftir að kona sem tók inn efnið í tengslum við líkamsrækt fékk heilablæðingu. Jacked Power er sagt auka árangur hjá þeim sem stunda íþróttir.

Efnið hefur verið selt í verslunum í Svíþjóð en nú hafa yfirvöld í Gautaborg, Malmö og Svíþjóð gert ráðstafanir til þess að stöðva sölu þess. Í grein í sænska lækna-bláðinu frá 5. september síðastliðnum segja lækna þar vera skoðun sína að setja megi heilablæðingu konunnar í samhengi við neyslu hennar á fæðubótarefninu.

Katrín Guðjónsdóttir, sérfræðingur hjá Matvælastofnun, segir fæðubótarefni ekki háð samþykki eins né neins. „Ég veit ekki til þess að þessi vara sé til hér en það segir ekki alla söguna.“

Það er skylda að tilkynna um sölu á fæðubótarefnum en það er nú eins og það er. Þar sem varan hefur ekki verið tilkynnt geri ég síður ráð fyrir að hún sé til sölu í verslunum hér. En hins vegar er hún aðgengileg í vefverslunum.“

- ibs

FÆÐUBÓTAREFNI Varað er við neyslu á fæðubótarefninu Jacked Power.



FRÍHAFNARDAGAR



**TAX
FREE**

**SNYRTIVÖRU
DAGAR**

DAGANA 11.-15. SEPTEMBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Frumkvöðlasjóður

Íslandsbanki auglýsir eftir umsóknum um styrki

Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka styrkir verkefni á sviði umhverfismála með sérstakri áherslu á endurnýjanlega orku, sjálfbæran sjávarútveg og verndun hafsvæða. Markmið sjóðsins er að hvetja til nýsköpunar og þróunar á þessum sviðum.

Heildarupphæð úthlutunar er allt að fimm milljónum króna. Nánari upplýsingar um sjóðinn og úthlutunarreglur hans má finna á vef Íslandsbanka.

Sækja skal um á vef bankans í síðasta lagi 1. október 2014 islandsbanki.is/frumkvodlasjodur

Umsóknum skal fylgja, eftir því sem við á:

- Greinargóð lýsing á verkefninu
- Ítarleg fjárhagsáætlun
- Upplýsingar um aðra fjármögnun verkefnis
- Ársreikningur
- Upplýsingar um eignarhald og rekstrarform

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook



LÖGREGLA VIÐ STÖRF Fjárveitingum hefur verið forgangsraðað í þágu almennrar sýnilegrar lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Kemst ekki í erlenda gagnabanka

Íslensk lögregla hefur ekki fengið tæknibúnað til að fletta upp í lífkennagagnabönkum erlendra lögregluembættu. Fimm ár eru frá undirritun samkomulags.

LÖGREGLA Fimm ár eru síðan Ragna Árnadóttir, þáverandi dómsmálaráðherra, undirritaði samkomulagið milli aðildarríkja Evrópusambandsins um einfaldaða lögreglusamvinnu. Því hefur hins vegar enn ekki verið komið á.



JÓHANNES TÓMASSON

Samkomulagið, sem kallast er Prüm-samkomulagið þar sem það var upphaflega undirritað í Prüm í Þýskalandi, felur í sér gagnkvæman uppflettiðgang að upplýsingum úr lífkennagagnabönkum, svo sem fingrafara- og erfðaeftisskrá lögreglu ásamt ökutækjaskrá, að því er segir á vef innanríkisráðuneytisins.

Jóhannes Tómasson, upplýsingafulltrúi hjá innanríkisráðuneytinu, segir ekki liggja fyrir að svo stöddu hvenær unnt verður að koma á fyrirkomulaginu af Íslands hálfu. Í skriflegu svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segir hann ekki fyrir hendi fullnægjandi

tæknilegan búnað svo að því geti orðið.

„Eins og kunnugt er hefur verið aðhald í ríkisfjármálum undanfarnin ár og hefur fjárveitingum verið forgangsraðað í þágu almennrar sýnilegrar lögreglu,“ skrifar Jóhannes.

Frá því að sænska lögreglan hóf að samkeyra

erfðaeftisskrá sína við slíkar skrár hjá lögregluembættum annarra ríkja hefur hún fengið aðstoð vegna rannsóknar á afbrotum 206 einstaklinga sem skilið hafa eftir lífsýni á vettvangi glæps. Samkvæmt frétt sænska ríkisútvarpsins hefur nú fyrsti dómurinn verið felldur í Svíþjóð í kjölfar slíkrar samvinnu. Gögn um erfðaeftni manns sem grunaður var um nauðgun fundust í lífkennagagnabanka í Finnlandi. Maðurinn sat í fangelsi í Finnlandi vegna nauðgunar en var framseldur til Svíþjóðar.

ibs@frettabladid.is



S A F T

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



Biblíunámskeið

Biblían er án efa ein merkasta bók allra tíma. Hún er til á flestum heimilum og hefur orðið þúsundum til mikillar blessunar öldum saman. Missið ekki af þessu einstaka tækifæri til að fræðast um veigamikil efni hennar.

Átta fyrirlestrar verða haldnir um eftirfarandi efni á þriðjudögum kl. 20.00 í Loftsalnum, Hólshrauni 3, Hafnarfirði (Við Fjarðar kaup).

Hvað segir Biblían um:

- 16. sept. Hvernig Biblían varð til?
- 23. sept. Áreiðanleika Biblíunnar?
- 30. sept. Hver Jesús Kristur sé?
- 7. okt. Helgidóminn, fagnaðarerindið í myndmáli?
- 14. okt. Starf Jesú Krists í dag í hinum himneska helgidómi?
- 21. okt. Pétur og lyklavaldið?
- 28. okt. Endurkomu Jesú Krists?
- 4. nóv. Sköpun nýs himins og nýrrar jarðar?

Björgvin Snorrason, PhD, guðfræðingur og kirkjusagnfræðingur flytur fyrirlestrana. Hann hefur flutt fyrirlestra á Íslandi og víðar um þessi efni í mörg ár.

Aðgangur er ókeypis - gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða



Tími endurkomu Krists er í nánd



FORSTJÓRINN Enn er verið að hagræða í bankakerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hagræðingin heldur áfram: Landsbankinn segir átján upp

ATVINNUMÁL Átján manns hefur verið sagt upp hjá Landsbankanum. Fram kemur í fréttatilkynningu frá Landsbankanum að uppsagnirnar séu hluti af hagræðingu í rekstri bankans.

Útibúinu í Sandgerði verður lokað frá og með 11. október og fer hluti starfsmanna þaðan í útibú bankans í Reykjanesbæ.

Að auki verður bakvinnslan sem verið hefur í Reykjanesbæ flutt í Mjóddina og býðst starfsmönnum úr Reykjanesbæ vinna þar. Þjónustuverið á Selfossi hefur svo verið lagt niður og verða þjónustuver nú starfrækt í Reykjavík og á Akureyri.

-skh



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

VELDU ÞÉR
~ SKEMMTILEGT ~
AKSTURSLAG



NÝR YARIS

Nýr og breyttur Yaris heldur í við framtíðina með snjallri hönnun að innan sem utan. Háþróað margmiðlunarkerfi, nýr 7" skjár og bakkmyndavél ásamt öflugum öryggisbúnaði eru umgjörðin fyrir þitt uppáhalds aksturslag. Hagkvæm eldsneytisnotkun og minni CO₂ útblástur fellur lipurlega að afslöppuðum akstri hvort sem þú velur **bensín-, dísil- eða hybrid-útgáfuna**. Líttu inn hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota. Skoðaðu, reynsluaktu og taktu lagið á nýjum Yaris.

Verð frá 2.650.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Fé til þróunarsamvinnu enn skert

Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2015 eru framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu skert en framlög til hernaðartengdrar starfsemi eru aukin.

PRÓUNARSAMVINNA Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu skerðist. Það felur í sér að framlögin eru ekki í samræmi við þingsályktun um áætlun um alþjóðlega þróunarsamvinnu sem samþykkt var í mars 2013.

Alls er áætlað að hlutfall framlaganna af vergum þjóðartekjum verði 0,22 prósent en samkvæmt þingsályktuninni hefðu þau átt að vera 0,35 prósent á næsta ári. Markmið Sameinuðu þjóðanna kveður á um að iðnríki skuli veita sem nemur 0,7 prósent af vergum þjóðartekjum til þróunarsamvinnu. Í þingsályktuninni kemur fram að markmið Íslendinga skuli vera að leggja lóð á vogarskálarnar gegn fátækt og fyrir bættum lífskjörum í fátækustu hlutum heims. Þannig verði leitast við að uppfylla pólitískar og síðferðislegar skyldur landsins sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóða.

Á sama tíma og framlög til þróunarsamvinnu eru skorin niður

eru þau aukin til hernaðartengdrar samvinnu. Á fjárlögum er gert ráð fyrir hækkun á framlögum til Atlantshafsbandalagsins, NATO, um rúmlega sjö milljónir. Á fjárlögum 2014 voru þau 265 milljónir króna en verða nú 272,3 milljónir.

Þannig er farið fram á 14,4 milljóna króna hækkun á tímabundnu

framlagi vegna byggingar höfuðstöðva NATO til viðbótar við 104,2 milljóna framlag í gildandi fjárlögum. Áætlað er að heildarkostnaður Íslands við bygginguna verði 2.937.185 evrur sem jafngildir rúmlega 450 milljónum íslenskra króna á viðmiðunargengi evru í frumvarpinu. fanney@frettabladid.is

Ísland er langt á eftir öðrum þjóðum

„Það eru mikil vonbrigði að nú skuli annað árið í röð vera lögð fram fjárlög þar sem að snúið er af leið aukningar á framlögum sem sameinaður vilji Alþingis sagði fyrir um í þróunarsamvinnuáætlun. Þess utan eru það auðvitað viðbótarvonbrigði að hlutur Þróunarsamvinnustofnunar skuli minnka sem hlutfall af heildarþróunarframlögum. Ég vona auðvitað að þetta breytist allt saman í meðförum þingsins,“ segir Engilbert Guðmundsson, framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands.

„Það er auðvitað mikið umhugsunarefni að á sama tíma eigi að auka framlög til hernaðartengdrar starfsemi. Það er mitt mat að þróunarsamvinna skili svo miklu meiru fyrir frið í heiminum en hernaðarstarf. Sameinuðu þjóðirnar hafa bent á að fátækt og ójöfnuður séu ein helsta orsök stríðsátaka í heiminum, þess vegna skiptir einmitt svo miklu máli að við sem erum ríkari reynum að láta okkar af hendi rakna til að styrkja stöðu fátækari þjóða,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna. Ekki náðist í Gunnar Braga Sveinsson utanríkisráðherra.



HJÁLPARSTARFSEMI Þróunarsamvinnustofnun Íslands starfar meðal annars í Úganda, Malaví og Mósambík.

MYND/GUNNI SAL



Landsvirkjun

Takk fyrir komuna!

Vatnið var aðdráttarafl fyrir þúsundir gesta sem lögðu leið sína á Þjórsár- og Tungnaársvæðið í sumar, stærsta orkuvinnslusvæði Landsvirkjunar.

Líkt og fyrri ár opnaði Landsvirkjun aflstöðvar sínar fyrir gestum sem vildu kynna sér starfsemi fyrirtækisins og raforkuvinnslu úr endurnýjanlegum orkugjöfum. Yfir 15 þúsund manns sóttu fyrirtækið heim, í Kröflu, Búrfellsstöð, að vindmyllunum á Hafinu og Kárahnjúkastíflu.

Yfir helmingur gestanna voru erlendir ferðamenn sem sýndu orkuvinnslu úr vatni, jarðvarma og vindi mikinn áhuga, enda Ísland eitt af fáum löndum í heiminum sem vinna nánast allt sitt rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum.

Við þökkum öllum þeim sem lögðu leið sína til okkar kærlega fyrir komuna.

Myndin sýnir þversnið af Kaplan hverfli í Búðarhálsstöð, nýjustu aflstöð Íslendinga. Í stöðinni vinna tveir slíkir hverflar rafmagn úr miklu vatnsmagni við fremur lága fallhæð.



GUNNAR BRAGI SVEINSSON Utanríkisráðherra ræddi stöðu mála í Evrópu.

Utanríkisráðherrar á fundi: Öryggishorfur í Evrópu ræddar

UTANRÍKISMÁL Utanríkisráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna ræddu öryggishorfur í Evrópu á fundi í Tallinn í gær.

Í tilkynningu frá Gunnari Braga Sveinssyni utanríkisráðherra segir að brýnt sé að hvergi verði hvíkað frá grundvallargildum sem séu leiðarljós í utanríkisstefnu ríkjanna, virðingu fyrir alþjóðalögum, lýðræði, mannréttindum og réttarríkinu. Gunnar Bragi segir mikla samstöðu í hópnum. Sem fyrr valdi framferði Rússa í Úkraínu áhyggjum.

-jme

Líkt og sviðsetning á leikriti

Leiðtogar stjórnarandstöðunnar eru andvígir hækkun á matarskatti. Formaður VG og þingflokksformaður Samfylkingar segja undarlegt að samhljóm vanti milli stjórnarflokkanna. Vanhugsað, segir formaður BF.

STJÓRNMÁL „Ég hef velt því fyrir mér hvort ríkisstjórnin sé ekki að setja á svið leikrit. Það er mjög sérkennilegt þegar annar stjórnarflokkurinn setur almennan fyrirvara við fjárlagafrumvarpið,“ segir Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna.

Þingmenn Framsóknarflokksins hafa síðustu daga lýst miklum efasemdum yfir hækkun á virðisaukaskatti á mat úr sjö í tólf í prósent. Auk þess hefur forsætisráðherra lýst þeirri skoðun sinni að hægt sé að endurskoða fjárlagafrumvarpið. Flestir þingmenn Sjálfstæðisflokksins styðja hins vegar breytinguna.

„Tekjuöflunarfrumvarpið gengur lengra, þar er gert ráð fyrir að matarskatturinn hækki í tólf prósent en í fjárlagafrumvarpinu er gengið út frá því að hann verði 11 prósent. Þetta gefur sögusögnnum um að það sé verið að setja á svið leikrit byr undir báða vængi. Þetta

verði svo dregið til baka,“ segir Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar. Hann segist þó varla trúna því fyrr en hann taki á að þannig sé í pottinn búið.

„Á maður ekki að ætla að ríkisstjórnin meini það að hún vilji hækka matarskattinn?“ segir Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, og bætir við að hann telji málið vera vanhugsað frá upphafi.

„Stjórnin sagðist ætla að einfalda virðisaukaskattkerfið. Það er hins vegar engin einföldun í þessu. Þrepin eru jafnmörg og þau voru og það er ein undanþága fyrir ferðaþjónustuna. Fjármálaráðherra segir að það verði ekki frekari breytingar,“ segir hann og bætir við að Björt framtíð styðji ekki hækkun á matarskatti.

„Á sama tíma og auðlegðarskattur upp á 10 milljarða er felldur niður og veiðigjöldin lækkuð enn meira er farið í skattahækkunir á



Á ALÞINGI Hækkun matarskattsins verður án efa eitt af stóru málunum á Alþingi.


FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

almennungu í landinu,“ segir Katrín og telur þetta ranga forgangsröðun.

„Mér finnst ótrúlegt, einmitt þegar við erum komin út úr kreppunni og fólk er búið að leggja

mikið á sig í mörg ár, þá sé komið inn með ellefu milljarða hækkun á helstu lífsnauðsynjar. Þetta er stærsta einstaka skattahækkunin á almenningu frá hruni,“ segir Helgi.

johanna@frettabladid.is





1 DÝRALÍF Í MOSKVU Ísbjörn sólar sig í dýragarðinum í Moskvu og gjóar um leið augunum á fugl sem spígsparar hjá. Dýragarðurinn er 140 ára um þessar mundir. NORDICPHOTOS/AFP



2 HANDJÁRNAÐUR VIÐ RENNIBRAUT Í KÓLUMBÍU Fangelsið í Bogota, höfuðborg Kólumbíu, er yfirfullt þessa dagana. Nokkrir fangar hafa því verið hafðir í haldi, sumir dögum saman, á leikvelli handan götunnar. Veðrið hefur verið gott. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



3 FALLNI TURNINN Á GASA Palestínnumenn fara með föstudagsbæninna undir bænaturninum sem eyðilagðist í árásum ísraelska hersins í Gasaborg. NORDICPHOTOS/AFP



ÁSTAND HEIMSINS



4 HERMENN Á VEGG Í MEXÍKÓBORG Þeir eru að bíða eftir að æfing hefjist fyrir hersýningu, sem haldin verður á fullveldisdegi Mexíkós þriðjudaginn 16. september. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



5 FLÓÐ Í PAKISTAN Mynd þessi var tekin úr þyrlu pakistanska hersins þegar flogið var yfir nokkur hús þar sem íbúar bíða af sér flóðin. NORDICPHOTOS/AFP

ENNEMM / IMG4386



Öflugri netleiðir fyrir þitt heimili



Kalla eftir skýrari stefnu

Þingmenn Bjartrar framtíðar vilja að ríkisstjórnin móti framtíðarstefnu í peningamálum. Þingmaður Sjálfstæðisflokksins segir brýnt að aflétta höftum.

EFNAHAGSMÁL Guðmundur Steingrímsson vill að ríkisstjórnin móti stefnu til framtíðar í gjaldmiðilsmálum. Í stefnunni komi fram hver eigi að vera framtíðargjaldmiðill Íslands. Hann hefur ásamt nokkrum öðrum þingmönnum flutt tillögu þessa efnis á Alþingi.

Í greinargerð með tillögunni segir að kostir Íslands í gjaldmiðilsmálum séu þó nokkrir. „Þar er ég að vísa í skýrslu Seðlabankans um málið sem mér sýnist vera afar vönduð,“ segir Guðmundur í samtali við Fréttablaðið.

„Menn þurfa nú samt ekki að vera langskólagengnir til þess að átta sig á því að það eru í raun aðeins tveir kostir,“ segir hann. Annaðhvort sé það að vera áfram með krónuna eða ganga í Evrópusambandið, ganga í ERM II-samkomulagið og taka upp evru í framhaldinu.

Ragnheiður Ríkhardsdóttir, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins, segist ekki hafa skoðað tillögu þingmanna Bjartrar framtíðar og þess vegna ekki tekið afstöðu til hennar. „Mér finnst við þurfa að velja fyrir okkur og fara í það að aflétta þessum gjaldeyrishöftum og vinna okkur út úr þeim



Á ALÞINGI Guðmundur Steingrímsson segir í raun bara tvo kosti í stöðunni í peningamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

vanda sem við blasir þar áður en við förum að fara í vinnu við breytingu á peningastefnunni,“ segir hún. Ragnheiður segir að það sé í gangi ákveðin peningastefna. „Og það er í gangi vinna um breytingar á lögum um Seðlabankann þar sem þessi mál verða væntanlega öll tekin fyrir.“
jonhakon@frettabladid.is



Öflug fjáröflun fyrir hópinn

Samsettur fjáröflunarpakkar eða sérsniðnir eftir óskum hópsins



Hafðu samband við sérfræðinga okkar í Rekstrarlandi í síma 515 1100 eða hjá útibúum Olís um land allt.



REKSTARLAND
-léttir þér lífið



Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Ölluverzlunar Íslands hf.

www.rekstrarland.is

Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100



Margfalt gagnamagn og enn fleiri leiðir

Nú hafa áskriftarleiðir Símans miklu meira gagnamagn innifalið auk þess sem þrjár nýjar leiðir líta dagsins ljós. Frá 1. október verður mælingum á internetumferð breytt en nánari upplýsingar er að finna á siminn.is.



Þú færð góða yfirsýn yfir netnotkun heimilisins á **Þjónustuvef Símans** og getur skoðað fjölbreytt úrval áskriftarleiða. Skráðu þig inn á thjonustuvefur.siminn.is og veldu þá leið sem hentar ykkur best.



1997 - MARS
SUBWAY kynnr 7 báta með 6 grömmum af fitu eða minna.

1997



1996 - ÁGÚST
 Nyrsti **SUBWAY** í heimi opnar á Akureyri.

1996



1994 - 11. SEPTEMBER
SUBWAY á Íslandi opnar.

1995



1994 - MAÍ
 Fyrsta fréttin um **SUBWAY** á Íslandi.

1994



1995 - FEBRÚAR
 25 manns í vinnu hjá **SUBWAY** á Íslandi.

1990

1990
5000
SUBWAY STAÐIR HAFA VERIÐ OPNAÐIR



1977



1977
SNAKK BÁTUR - seinna þekktur sem 6" bátur.

1968

1968
SUBWAY nafnið notað í fyrsta sinn.



1965

17 ára frumkvöðull byrjar að selja kafbáta.



"PETE'S SUPER SUBMARINE"
320 KAFBÁTAR
 SELDUST FYRSTA DAGINN.

2000
JARED missir 110 kg
og heimurinn fylgist með.




2002 - NÓVEMBER
SUBWAY opnar
í Vesturbænum.




2003 - MAÍ
Kjúklingabringa
klárast á Íslandi.



2005
Ristaðir bátar
í fyrsta sinn.



2013 - ÁGÚST
SUBWAY opnar 24. staðinn á Íslandi og verður stærsta
skyndibitakeðja í heimi með yfir 40.000 útsölastaði.



**BÁTUR
DAGSINS**



2014 - ÁGÚST
Bátur dagsins
kynntur til leiks.

Við þökkum viðskiptin síðustu 20 ár!

SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.™

Tíu herskáir íslamistar handteknir í Pakistan: Grunaðir um aðild að árás á Malölu

PAKISTAN, AP Herinn í Pakistan segist hafa handtekið tíu herskáa íslamista vegna gruns um aðild að árásinni á Malölu Júsúfsaí árið 2012.

Malala var þá 16 ára gömul, þekkt í föðurlandi sínu fyrir að krefjast menntunar fyrir stúlkur og fyrir að gagnrýna ofríki og ofbeldi talibana.

Hún hlaut alvarleg skotsár á höfði, var flutt á sjúkrahús í Bretlandi og hefur náð sér vel. Hún hefur fengið ýmsar viðurkenningar fyrir hugrekki sitt.



MALALA JÚSÚFSAÍ Varð fyrir skotárás árið 2012.

NORDICPHOTOS/AFP

Á nú yfir höfði sér allt að fimmtán ár

Saksóknarar furða sig á að Pistorius hafi ekki verið sakfelldur fyrir morð. Réttarhöldunum var frestað fram í október, en þá fá verjendur og saksóknari orðið áður en refsing er ákveðin. Verði áfrýjað eða höfðað einkamál halda réttarhöld áfram.

SUÐUR-AFRÍKA Réttarhöldunum yfir Oscari Pistorius hefur verið frestað til 13. október. Verjendur og saksóknari fá þá orðið áður en refsing verður ákveðin.

Thokozile Masipa dómari sakfelldi Pistorius fyrir manndráp. Hann á þar með yfir höfði sér allt að fimmtán ára fangelsisdóm, en lögspékingar telja líklegt að hann fái í mesta lagi tíu ár. Lágmarksrefsing fyrir manndráp er sjö ára fangelsi.

Dómarinn taldi Pistorius engu að síður saklausan af morðákæru, þar sem saksóknurum hefði ekki tekist að sanna að Pistorius hefði ætlað sér að drepa manneskju þótt hann yrði unnustu sinni að bana.

Saksóknarar sögðu niðurstöðuna valda sér vonbrigðum. Þeir töldu næg rök fyrir því að sakfella Pistorius fyrir morð, þótt dómarinn væri á öðru máli. Þeir myndu hins vegar ekki ákveða hvort dómnum yrði áfrýjað fyrr en eftir að refsing hefur verið ákveðin.

Pistorius varð unnustu sinni, Reeve Steenkamp, að bana á heimili sínu í Pretoríu 14. febrúar í fyrra. Hún var inni á salerni bak við læstar dyr. Hann hefur frá upphafi haldið fast við þann framburð sinn að hann hafi verið



AÐ LOKNUM DÓMI Pistorius leiddur úr dómshúsi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ákærurnar og dómsniðurstaðan

Morð að yfirlögðu ráði Sýknaður af að hafa vísitandi áformað að drepa manneskju, hvort sem það væri unnusta hans eða innbrotspjófur

Morð Sýknaður af því að hafa í hita leiksins ætlað sér að drepa manneskju, en þó án þess að hafa fyrirfram ætlað sér það

Vítavert manndráp Sakfelldur fyrir að hafa drepið manneskju án þess að hafa ætlað sér það, en þó af vítaverðu gáleysi

Ákæra fyrir að hafa hleypt af skoti innan um fólk Sakfelldur fyrir að hafa hleypt af byssu inni á veitingahúsi

Önnur ákæra fyrir að hafa hleypt af skoti innan um fólk Sýknaður af að hafa skotið af byssu í gegnum þaklúgu á bifreið

Ákæra fyrir að hafa haft í fórum sínum skotfæri án lagaheimildar Sýknaður

að skjóta á innbrotspjóf.

Auk áfrýjunar gæti Pistorius þurft að svara til saka í einkamáli,

telji fjölskylda Reeveu ástæðu til að krefja hann um skaðbætur.

gudsteinn@frettabladid.is

Frá kr. **99.950**
m/allt innifalið

2 FYRIR **1**

Flugsæti frá kr. **34.950**

Costa del Sol

18. sept. í 11 nætur

Netverð á mann frá kr. 99.950 á Roc Costa Park m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

VINNUR ÞÚ 100.000 KR. GJAFABRÉF?*

FRUMSÝNING
LAUGARDAG 11-17
SUNNUDAG 13-17

DÖNSK HÖNNUN NÝJUNG

NÝJUNG TINTA ELDHÚS
723.475,-**

Um helgina afhjúpar Kvik nýja eldhús- og baðlínu sem hlotið hefur nafnið Tinta. Líttu við í kaffi og meðlæti, upplifðu nýjungarnar og vertu með í pottinum um 100.000 króna gjafabréf.

Kvik Reykjavík: Suðurlandsbraut 16, 108 Reykjavík, sími 5880500

kvik allir eiga að geta eignast flott eldhús

*Allir sem fá tilboð í nýtt eldhús og/eða bað eiga möguleika á að vinna 100.000 króna gjafabréf. Dregið 1. desember 2014
**Verð er fyrir skápa, sökkla og borðplötu. Fyrir utan vask, blöndunartæki, heimilistæki og lýsingu.



BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO
RALPH LAUREN

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEEM
MADISON PARK + NY

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti

Stenströms

BELLINI
collezione

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá kl. 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)



Troðfull
verslun af merkjavöru!

**50-
80%**

afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg fót á stelpur og stráka...



Kynning fjárlaga er lítt traustvekjandi:

Alþingi höktir af stað eftir sumarfrí

Segjast verður eins og er að kynning ríkisstjórnarflokka á fjárlagafrumvarpinu er ekki til þess fallin að vekja traust.

Þannig kom fram í máli Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra í viðtali við Kastljós Sjónvarpsins á fimmtudag að þingflokkur Framsóknarflokksins hefði sett þann fyrirvara við fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskattkerfinu að þær yrðu til hagsbóta fyrir fólk í öllum tekju-

Sérhæfð þrif	LSH, skurðstofur	Reykjavík	201409/701
Iðjubjálfar	LSH, iðjubjálfun	Reykjavík	201409/700
Geislafræðingur	LSH, röntgendeild	Reykjavík	201409/699
Sjúkraliði	LSH, bráðaöldrunarlækningadeild	Reykjavík	201409/698
Réttindagæslum. fatlaðs fólks	Velferðarráðuneytið	Reykjavík	201409/697
Verkfræðingur	Vegagerðin	Reykjavík	201409/696
Flokksstjóri	Vegagerðin	Borgarnes	201409/695
Lífeindafræðingur	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201409/694

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent



Flokkstjóri í Vestmannaeyjum

Oliudreifing óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra til framtíðarstarfa sem flokkstjóra í Vestmannaeyjum.

Um fjölbreytt starf er að ræða við oliudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip. Oliudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.

Meiraprófsbílstjóri Vestmannaeyjum

Oliudreifing óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra staðsettan í Vestmannaeyjum til framtíðarstarfa. Um fjölbreytt starf er að ræða við oliudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip. Oliudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Nánari upplýsingar veitir Helgi Marcher Egonsson í síma 550 9937.

Meiraprófsbílstjóri Reyðarfirði

Oliudreifing óskar eftir að ráða meiraprófsbílstjóra staðsettan á Reyðarfirði til framtíðarstarfa. Um fjölbreytt starf er að ræða við oliudreifingu beint á vinnuvélar, tanka og skip og vinnu í birgðastöð. Oliudreifing greiðir ADR námskeið og laun á námskeiðstíma fyrir þá bílstjóra sem ekki hafa ADR réttindi. Nánari upplýsingar veitir Guðjón Páll Jóhannsson í síma 550 9910.

Umsóknir sendist á odr@odr.is fyrir 19. september.

Störfín standa báðum kynjum jafnt til boða.

Nánari upplýsingar um Oliudreifingu ehf. má nálgast á www.oliudreifing.is

Útibússtjóri á Akureyri

Landsbankinn auglýsir starf útibússtjóra á Akureyri laust til umsóknar. Leitað er að kraftmiklum og drífandi einstaklingi með góða þekkingu á fjármálamörkuðum og mikla reynslu af stjórnun til að leiða starfsemi útibúsins.

Helstu verkefni

- » Yfirumsjón með öllum rekstri útibúsins
- » Yfirumsjón með þjónustu og ráðgjöf til viðskiptavina
- » Fjármálaráðgjöf til einstaklinga, félaga og fyrirtækja
- » Virk þátttaka í markaðsstarfi og öflun nýrra viðskipta
- » Eftirlit og ábyrgð á arðsemi, áhættu og vanskilum

Menntunar- og hæfniskröfur

- » Háskólamenntun og yfirgrípsmikil reynsla sem nýtist í starfi
- » Mjög góð þekking á starfsemi fjármálafyrirtækja
- » Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- » Frumkvæði og fagmennska í starfi
- » Sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Baldur G. Jónsson, mannauðsstjóri, í síma 410 7904 eða baldur.g.jonsson@landsbankinn.is og Helgi Teitur Helgason, framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs, í síma 410 5601 eða helgi.t.helgason@landsbankinn.is. Umsóknarfrestur er til og með 22. september nk.

Umsókn merkt Útibússtjóri Akureyri fyllist út á vef bankans, www.landsbankinn.is.



Fasteignasali / sölufulltrúi óskast

Vegna aukinna umsvifa leitum við að öflugum fasteignasala / sölufulltrúa til að bættast í öflugan hóp starfsmanna á Heimili fasteignasölu. Við leitum að sjálfstæðum og traustum einstaklingi sem hefur áhuga á að koma inn í sterkt og framsækið fyrirtæki sem vinnur á ört vaxandi markaði. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á sölumennsku, vera framfærinn og vandvirkur.

Áhugasamir sendi umsóknir á Finnþoga Hilmarsson á netfangið finnbogi@heimili.is, sem jafnframt veitir frekari upplýsingar.

Umsóknarfrestur er til 20. september.

**AÐSTOÐARVERSLUNARSTJÓRI ÓSKAST TIL STARFA!**

Við leitum að jákvæðum, heiðarlegum og þjónustulunduðum einstaklingi. Skemmtilegt starf í lifandi umhverfi.



Nánari upplýsingar veitir
Hafþór verslunarstjóri
í síma 842-8080 eða á netfanginu
selfoss@rfl.is

Umsóknarfrestur er til 29. september 2014



www.rumfatalagerinn.is



Den Danske Kro

Kro Bodega Pub

Den Danske Kro leitar eftir starfsfólki í sal um helgar og barþjónum með að minnsta kosti eins árs reynslu.

Um er að ræða virk kvöld og helgarvaktir. Vinnutími getur verið svegjanlegur. Áskilinn er íslensku og ensku kunnátta.

Áhugasamir vinsamlega sendið okkur umsókn á pósthafið: logi@cafeoliver.is

Den Danske Kro er opinn alla virka daga frá klukkan 12 til 01 og frá 12 til 04 öll föstudags og laugardagskvöld.

Með Kveðju,
Den Danske Kro

Ingólfsstræti 3 101 Reykjavík 552-0070

Spennandi tækifæri í boði



Forritun - Microsoft Dynamics NAV

Fjölbreytt verkefni við forritun í Microsoft Dynamics NAV.

Við leitum að drifandi einstaklingi með háskólamenntun í tölvunarfræði eða sambærilega menntun. Reynsla af forritun í viðskiptahugbúnaði er nauðsynleg.



Ráðgjafi - Microsoft Dynamics NAV

Ráðgjöf og þjónusta við viðskiptavinum Wise.

Óskað er eftir einstaklingi með háskólamenntun í viðskiptafræði eða sambærilega menntun. Bókhalðsþekking og góð færni í upplýsingatækni er mikilvæg sem og ánægja af mannlegum samskiptum og metnaður til að veita framúrskarandi þjónustu. Reynsla af notkun NAV er kostur.



UT rekstur - SQL sérfræðingur

Uppsetning og rekstur á gagnagrunnum hjá viðskiptavinum og í skýinu (Azure) ásamt almennum UT rekstri í Microsoft umhverfi.

Óskað er eftir einstaklingi sem er búinn að öðlast færni í rekstri SQL gagnagrunna og nýtur sín í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi. Þekking á Azure umhverfinu er kostur.

Hjá Wise vinna 80 starfsmenn á skrifstofum félagsins í Reykjavík, Akureyri og Halifax í Kanada. Unnið er í fjölbreyttum verkefnum hjá breiðum hópi viðskiptavina hérlendis sem erlendis. Starfsaðstæður eru fyrsta flokks og vinnuandinn er góður að ógleymdu öfluggu starfsmannafélagi. Viltu slást í hópinn?

Upplýsingar um störfni veita:

Torfi Markússon torfi@intellecta.is og Gauja Hálfðanardóttir gauja@intellecta.is ráðgjafar hjá Intellecta í síma 511 1225.

Umsóknarfrestur er til 29. september.

Allar umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsókn fyllist út á www.intellecta.is og henni þarf að fylgja starfsferilskrá.

intellecta



Wise lausnir ehf.
Borgartún 26, 105 Reykjavík » Hafnarstræti 93-95, 600 Akureyri
sími: 545 3200 » wise@wise.is » www.wise.is



Microsoft
Dynamics™ NAV

Microsoft Partner

Gold Enterprise Resource Planning
Silver Independent Software Vendor (ISV)

STRÆTÓBÍLSTJÓRAR ÓSKAST

Kynnisferðir óska eftir að ráða vana strætóbílstjóra
hið fyrsta. Unnið er á vöktum.

Hæfniskröfur:

- Meirapróf (ökuréttindaflokkur D)
- Stundvísi
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Rík þjónustulund
- Íslensku- og enskukunnátta
- Hreint sakavottorð



Umsókn með mynd skal senda til Kynnisferða, Vesturvör 34, 200 Kópavogi eða
á netfangið: job@re.is
Umsóknarfrestur er til **22. september 2014**.
Haft verður samband við alla sem sækja um eftir að umsóknarfrestur rennur út.



**Reykjavik
Excursions**
KYNNISFERÐIR

Umferðarmiðstöðin BSÍ
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is

REYKJAVIK EXCURSIONS - KYNNISFERÐIR

er rótgróið en framsækið fyrirtæki
í íslensku ferðþjónustu. Fyrirtækið
var stofnað árið 1968 og hefur allar
götur síðan verið í fararbroddi þeirra
sem skipuleggja ferðir fyrir innlenda
sem erlenda ferðamenn.

Hjá Reykjavik Excursions starfar
samtentur hópur fólks sem leggur
metnað sinn í að nýta þekkingu og
reynslu sína í þágu viðskiptavina.

VIÐGERÐAR- MAÐUR

Við leitum að starfskrafti með reynslu og
góða hæfni til vinnuvélaviðgerða. Menntun
í faginu er mikill kostur en ekki skilyrði

Umsóknir sendist á ss@velafl.is
Umsóknarfrestur er til **26. september 2014**.



Hvaleyrarbraut 20, 220 Hafnarfjörður Sími: 575 2400

VERKFRÆÐINGUR Á FRAMKVÆMDAÐEILD

Vegagerðin auglýsir eftir byggingarverkfræðingi á framkvæmdadeild í Reykjavík.
Um 100% starf er að ræða. Gjarnan er tekið við umsóknum frá yngra fólki með nýleg próf.



Starfssvið

Vinna við áætlanagerð, mat á áhættu áætlana, uppgjör verka og skilamat, úrvinnsla upplýsinga úr gagnagrunnum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingarverkfræðingur MSc
- Þekking á gagnagrunnum
- Kunnátta í tölfraði
- Góð íslenskukunnátta
- Nákvæmni og öguð vinnubrögð
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Hæfni í mannlegum samskiptum

*Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum og í samræmi við starfsmannastefnu
Vegagerðarinnar eru konur með tilskildar hæfniskröfur sérstaklega hvattar til að sækja um starfið.*

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til 6. október 2014. Umsóknir berist mannauðsstjóra, netfang oth@vegagerdin.is

Í umsókninni komi fram persónulegar upplýsingar ásamt upplýsingum um þá menntun og hæfni sem óskað er eftir,
þar með talin menntunar- og starfsferilsskrá.

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Helgason framkvæmdastjóri mannvirkjasviðs (jon.helgason@vegagerdin.is)
og Ólöf Dagný Thorarensen mannauðsstjóri (olof.d.thorarensen@vegagerdin.is) í síma 522 1000.**
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

EY

Building a better
working world

**Ernst & Young ehf. óskar eftir starfsfólki
með eins til tveggja ára reynslu af störfum
á endurskoðunarstofu sem stefnir að
löggildingu í endurskoðun**

Störf á endurskoðunarstofu byggja á gæðum og
faglegum vinnubrögðum. Starfsfólk okkar þarf því að
hafa frumkvæði og getu til að starfa sjálfstætt, ásamt
því að hafa ríka þjónustulund.

Við hjá EY erum sveigjanleg og reynum að koma til móts
við ólíkar þarfir starfsmanna vegna vinnu og frítíma.

EY er alþjóðlegt endurskoðunar- og ráðgjafarfirmatæki
með yfir 190.000 starfsmenn í 150 löndum.

Umsóknir sendist til Hildar Pálsdóttur,
hildur.palsdottir@is.ey.com

Umsóknarfrestur er til og með 22. september n.k.

www.ey.is



**Sérnámsstöður
í heimilislækningum
við Heilsugæsluna Efstaleiti**

**Sérnámslæknar
í heimilislækningum**

Lausar eru tvær sérnámsstöður lækna í heimilislækningum
við Heilsugæsluna Efstaleiti.

Stöðurnar eru frá 1. janúar 2015 og veitast til þriggja ára.
Umsóknarfrestur er til og með 1. október, 2014.

Á stöðinni fer fram skipulagt sérnám í heimilislækningum og
byggir á marklýsingu Félags íslenskra heimilislækna um sérnám
í heimilislækningum. Sérnámslæknar hafa sinn aðalleiðbeinanda
sem fylgir þeim eftir allt námið, sem alls tekur 4 1/2 ár. Námið fer
fram á heilsugæslustöðinni en einnig á sjúkrahúsum samkvæmt
reglugerð um sérnám í heimilislækningum. Námið er undir
yfirumsjón kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum sem
starfar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Almennar lækningar
- Heilsuvernd
- Vaktþjónusta

Hæfniskröfur

- Almenn lækningaleyfi.
- Mikil samskiptahæfni
- Faglegur metnaður

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra
og viðkomandi stéttarfélags.
Stéttarfélag er Læknafélag Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá.
Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknis-
menntun, læknisstörf og vísinda- og rannsóknarstörf ásamt
staðfestu afriti af opinberu starfsleyfi.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og
viðtölum við umsækjendur.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast
Svövu Þorkeldsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgar-
svæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu
hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu
höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í störf. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.

Sækja skal um starfið á Starfatorgi eða á vef Heilsugæslunnar
undir „laus störf“.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 01.10. 2014

Nánari upplýsingar veita

Gunnar Helgi Guðmundsson
gunnar.helgi.gudmundsson@heilsugaeslan.is - 585-1800
Alma Eir Svavarsdóttir
alma.e.svavarsdottir@heilsugaeslan.is - 585-1800

HH Efstaleiti
Efstaleiti 3, 103 Reykjavík

Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta – Framþróun

Laxeldi á Vestfjörðum

Spennandi störf í boði hjá stærsta laxeldi Íslands



Fjarðalax á Vestfjörðum leitar að áhugasömu og dugmiklu starfsfólki. Fjölbreytt störf eru í boði bæði í Reykjavík og fyrir vestan.

Framundan er aukinn vöxtur og meiri framleiðsla, við óskum því eftir að ráða í eftirtalin störf:

GÆÐASTJÓRI

Gæðastjóri heyrir beint undir framkvæmdastjóra og er staðsettur á skrifstofu félagsins á Patreksfirði.

Starfssvið:

- Umsjón með innleiðingu gæðakerfis.
- Rekstur og endurskoðun gæðakerfis.
- Fræðsla og þjálfun starfsmanna.
- Stýring á gæðaráði.
- Innleiðing vottana.
- Þróunarvinna.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði matvælafræði, líffræði, sjávarútvegsfræði eða sambærileg menntun.
- Reynsla af gæðastjórnun úr sjávarútvegi.
- Reynsla af innleiðingu gæðakerfis.
- Sjálfstæð vinnubrögð og reynsla af stjórnun.
- Góðir samskiptahæfileikar, áreiðanleiki og nákvæmni.

VÉLSTJÓRI

Umsækjandi þarf að hafa réttindi sem yfirvélstjóri VS.III á skip sem er lengra en 12 metrar eða A réttindi og vélarstærð 750 kw eða stærri.

SKIPSTJÓRI

Umsækjandi þarf að hafa réttindi á 45 m skip eða styttra - Skipstjórnarnám B.

Áhugasamir vinsamlegast sendi ferilskrá til starfsmannastjóra, kristin@fjardalax.is.

Umsóknarfrestur um framangreind störf er til 21. september 2014.

Fjarðalax var stofnað árið 2009 en fyrirtækið elur lax í Arnarfirði, Patreksfirði og Tálknafirði. Fjarðalax hefur frá upphafi framleitt umhverfisvænan lax í kynslóðaskiptu eldi.


Kynslóðaskipti eldi felur í sér að hver kynslóð er alin í sjó í rúmlega tvö ár og síðan er fjörðurinn hvíldur í tæpt ár. Fjarðalax notar engin eiturefni eða aflúsunarefni við eldið.

Fjarðalax hefur hlotið umhverfis- og gæðavottunina BAP, Best Aquaculture Practices, ásamt IMO vottun fyrir Whole Foods Market í Bandaríkjunum. Umhverfisvöktun, rannsóknir og gæðastýring eru lykilþættir í rekstri fyrirtækisins.

Á sunnanverðum Vestfjörðum búa um 1300 manns, í ægifygru umhverfi í námunda við Látrabjarg, Rauðasand og Arnarfjörð.

Á Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal eru starfræktir fjórir skólar og þrír leikskólar auk tónlistarskóla. Þá rekur Fjölbrotaskóli Snæfellinga framhaldsdeild á Patreksfirði.

Mikil áhersla er lögð á umhverfismál og vinna skólarnir allir eftir verkefninu Skólar á grænni grein. Mannlífið á sunnanverðum Vestfjörðum er blómlegt og fjölmörg félagsamtök eru þar starfandi.



FJARÐALAX

Fjarðalax ehf.
Strandgötu 43
460 Tálknafjörður
www.fjardalax.is



Rafvirkjar og rafeindavirkjar óskast til starfa

Viltu vinna í hreinlegu umhverfi og hafa góða vinnuástöðu á líflegum vinnustað? Á tæknisviði Securitas starfar fjöldi tæknimanna við ýmis sérhæfð tæknistörf. Vegna aukinna verkefna viljum við fá þig til liðs við okkur. Hjá tæknisviði Securitas býðst þér óflugt og gott þjálfunarferli og tækifæri til að sinna fjölbreyttum tæknistörfum og eftirlitsþjónustu við öryggis- og brunaviðvörðunarkerfi.



Menntunar- og hæfniskröfur:

- Nám í rafvirkjun eða rafeindavirkjun
- Stundvísi og snyrtimennska
- Rík þjónustulund
- Góð tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð er skilyrði.

Um er að ræða 100% starfshlutfall, örugg framtíðarstörf sem henta jafnt körlum sem konum. Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu okkar www.securitas.is en þar er einnig að finna nánari upplýsingar um störf. Nánari upplýsingar gefur Kristín Dögg Höskuldardóttir, fulltrúi á starfsmannasviði, kristind@securitas.is. Umsóknarfrestur er til og með 21. september.

Securitas hf. er stærsta fyrirtæki landsins á öryggismarkaði með um 450 starfsmenn. Hjá Securitas starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur áherslu á að veita frábæra þjónustu. Securitas rekur útibú og starfsstöðvar víða um land en höfuðstöðvarnar eru í Skeifunni 8 í Reykjavík.

www.securitas.is



ÍSLENNSKA VILJA IS SEC 70663 09 2014



Sunnulækjarskóli

Við Sunnulaekjarskóla á Selfossi er laus staða kennara á miðstigi

Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst og eigi síðar en 20. október.

Starfið krefst kennsluréttinda, góðra skipulagshæfileika og mikillar hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólalastarfinu koma. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanevndar Sveitarfélaga og KÍ. Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu skólans: <http://www.sunnulaekjarskoli.is>

Umsóknarfrestur er til 24. september 2014.

Umsókn með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðilum sendist Birgi Edwald, skólastjóra, birgir@sunnulaek.is eða Sunnulaekjarskóli, Norðurhólum 1, 800 Selfoss.

Skólastjóri



Síminn

Tveir vinnuglaðir

sérfræðingar

Síminn óskar eftir að ráða sérfræðinga til að vinna að metnaðarfullri stefnu fyrirtækisins í öryggismálum. Starfsemi Símans felur í sér rekstur þar sem kröfur viðskiptavina til ferla og gæða eru miklar. Mikið er lagt upp úr fagmennsku, þekkingu, frumkvæði, jákvæðu viðhorfi, sjálfstæði og vinnugleði.

Sérfræðingur í upplýsingaöryggi

Helstu verkefni

- Starfið felur í sér ábyrgð á þróun, rekstri og viðhaldi vottaðs ISO 27001 stjórnkerfis upplýsingaöryggis á fyrirtækjamarkaði
- Verkefni tengd upplýsingagjöf, öryggisþáttum, verklagsreglum og samræmingu ferla
- Vinna við gæða- og öryggisverkefni t.a.m. áhættumat, innri úttektir, endurútgáfu og viðhald skjala
- Stjórnun samskipta við yfirvöld og eftirlitsaðila

Reynsla og hæfni

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af gæða- og öryggismálum skilyrði
- Hæfni til að leiða verkefni
- Jákvæðni og lipurð í samskiptum
- Áhugi og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu

Sérfræðingur í innri úttektum

Helstu verkefni


- Undirbúningur, skipulag og framkvæmd innri úttekta
- Umsjón með umbótaferlum
- Skráningar og skýrslugerð

Reynsla og hæfni

- Reynsla af innri úttektum
- Öguð vinnubrögð og skipulagshæfileikar
- Metnaður og drifkraftur
- Áhugi og vilji til að tileinka sér nýja þekkingu

Umsóknarfrestur er til og með 21. september nk.

Sótt er um á siminn.is. Fyrirspurnum skal beint til Brynhildar Halldórsdóttur á netfangið brynhildur@skipti.is.



VILT ÞÚ TAKA ÞÁTT Í AÐ MÓTA KRAFTMIKIÐ OG LIFANDI UPPLÝSINGATÆKNIFYRIRTÆKI?

RB er traust og öflugt þjónustufyrirtæki á sviði upplýsingatækni sem hefur þróað hinar ýmsu fjármálalausnir, þar á meðal öll megin greiðslukerfi landsins. Helstu viðskiptavinir RB eru fjármála-fyrirtæki og váttryggingafélög. Markmið RB er að gegna lykilhlutverki í hagræðingu innan íslenska fjármálamarkaðarins með því að lækka upplýsingatæknikostnað fjármálafyrirtækja. Hjá RB starfar margt af öflugasta IT-fólki landsins – og þótt víðar væri leitað.

Við leitum að öflugum einstaklingi í nýtt starf Rekstrarstjóra á sviði Tæknireksturs og þjónustu.

Okkar æðsta markmið er að veita viðskiptavinum okkar 100% uppitíma og það gerum við með því að hafa í okkar röðum öflugt fólk; einstaklinga sem við treystum fyrir lyklinum að mikilvægustu upplýsingatæknikerfum landsins. Það eru ekki margir sem uppfylla þau skilyrði. Ert þú einn af þeim?

Við trúum á öfluga liðsheild og lifum og brennum fyrir áskoranir sem felast í flóknum og krefjandi verkefnum.

Við viljum að tími þinn hjá RB sé besti tími starfsævi þinnar.

Rekstrarstjóri

Rekstrarstjóri er hluti af þverfaglegu teymi sem sinnir tilteknum viðskiptavinum.

Hæfniskröfur

- Að minnsta kosti 15 ára starfsreynsla í upplýsingatækni
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur, en ekki nauðsynleg
- Mikil skipulagshæfni
- Góðir samskiptahæfileikar
- Geta og vilji til að vinna vel í hópi en einnig geta til að vinna sjálfstætt
- Drifkraftur og vilji til að takast á við stór og skemmtileg verkefni
- Metnaður til að veita framúrskarandi þjónustu með 100% að markmiði

Nánari upplýsingar um starfið veitir Eyjólfur Ólafsson forstöðumaður Tæknireksturs, eyjolfur.olafsson@rb.is, sími 569 8877.

Við bjóðum góða vinnuaðstöðu, tækifæri til endurmenntunar og starfsþróunar, frábæra samstarfsfélaga og umhverfi þar sem fagmennska, öryggi og ástríða eru undirstaða allra verka.

Spariskór eru sérstaklega velkomnir.

Hægt er að sækja um á www.rb.is til 21. september 2014.

Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann

Hjúkrunarfræðingur

Hjúkrunarfræðingur óskast til starfa við sjúkrahúsið Vog. Starfshlutfall samkomulagsatriði

Upplýsingar veitir

Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri Vogs
Netfang: thora@saa.is. - Sími: 824-7615



Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmanni í mótuneyti í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

Starfsmaður í notendapjónustu tölvudeildar

Reiknistofnun Háskóla Íslands óskar eftir að ráða starfsmann í notendapjónustu HÍ.

Starfið

Starfið felst í notendaaðstoð, uppsetningu og þjónustu við vél- og hugbúnað starfsmanna innan Háskóla Íslands auk annarra fjölbreyttra verkefna.

Áhersla er lögð á hátækni og símenntun í starfi. Reiknistofnun er í miklu samstarfi við hliðstæðar stofnanir á Norðurlöndum.

Nánari upplýsingar veitir Albert Jakobsson, deildarstjóri notendapjónustu Reiknistofnunar í síma **525 4754**, netfang aj@hi.is.

Umsóknarfrestur er til 29. september 2014.

Sjá nánar um starfið á www.hi.is/laus_storf.

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund
- Mjög góð almenn tölvukunnátta
- Góð þekking á Microsoft hugbúnaði á útstöðvum
- Góð þekking á tölvum og tengdum búnaði og færni til bilanagreininga
- Þekking á netkerfum, tengingum og samskiptabúnaði
- Þekking á Microsoft hugbúnaði á netþjónum æskileg
- Microsoft prófgráðurnar eru kostur
- Þekking á Unix, Linux, MacOSX
- Góð íslensku- og enskukunnátta er áskilin



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Söluráðgjafi

Öryggismiðstöðin auglýsir eftir öflugum sóknarmanni í framlínu sölusviðs

Helstu verkefni:

- Söluráðgjöf, tilboðsgerð og eftirfylgni
- Þátttaka í sölu- og átaksverkefnum

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustörfum og gott orðspor á því sviði
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Drifkraftur ásamt vilja til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Mjög góð íslensku- og tölvukunnátta
- Þekking á sölu eða þjónustu rafeindavara er kostur

Umsóknir með ferilskrá skal senda á netfangið atvinna@oryggi.is, merkt „Söluráðgjafi“.

Umsóknarfrestur er til 22. september 2014.

Nánari upplýsingar veitir Auður Lilja Davíðsdóttir, deildarstjóri á sölusviði, í síma 570 2400.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Öryggismiðstöðin var stofnuð árið 1995 og býður upp á lausnir í öryggis- og velferðarmálum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismiðstöðin hefur á síðustu fjórum árum hlotið viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki ársins. Gildi fyrirtækisins eru forysta, umhyggja og traust.



ÖRYGGI  VELFERÐ

Sími 570 2400 · oryggi.is

Stöndum vaktina allan sólarhringinn



MÖTUNEYTI

Skólamaturléitar að jákvæðum, sveigjanlegum og barngóðum einstaklingum til starfa í mötuneyti sínu á höfuðborgarsvæðinu.

Um er að ræða hlutastörf í afleysingar í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ.

Umsóknir og fyrirspurnir berist á fanny@skolamatur.is



skolamatur@skolamatur.is
skolamatur.is | Sími 420 2500

Hollt, gott og heimilislegt



Verzlunarstarf í Reykjavík

Ertu með jákvæða þjónustulund, stundvís og hefur brennandi áhuga á skóm?

Leitum að fólki í eftirfarandi stöður:

- Fullt starf
- 50% starf eftir hádegi
- Kvöld- og helgarstarf

Áhugasamir sendi ferilsskrá á hr@martajonsson.com ásamt mynd.

www.martajonsson.com



Skurðstofuhjúkrunarfræðingur

Læknastofur Akureyrar er fyrirtæki sérfræðilækna sem eru til húsa í Hafnarstræti 97 á Akureyri. Starfsemin samanstendur af hefðbundnum læknastofum með sérfræðimóttöku og skurðstofum, þar sem ferliverkaaðgerðir eru framkvæmdar.

Við óskum eftir að ráða skurðstofuhjúkrunarfræðing í 80 – 100% starf í 1 ár frá og með næstu áramótum. Eingöngu skurðstofuhjúkrunarfræðingar með reynslu koma til greina.

Við bjóðum upp á góða vinnu aðstöðu, góðan starfsanda, frábært samstarfsfólk og fjölbreytt starf.

Áhugasamir sendi umsókn á Læknastofur Akureyrar, Hafnarstræti 97, 600 Akureyri eða í tölvupósti til svanlaug@centrum.is, fyrir 25. september 2014.

Öllum umsóknum verður svarað

STARFSFÓLK ÓSKAST Í GESTAMÓTTÖKU

Keahotel ehf. óska eftir starfsfólki í gestamóttöku Apotek Hotel í Reykjavík. Um er að ræða framtíðarstarf á dag- og næturvaktir.

Starfssvið er m.a.:
Bókanir, innritun, upplýsingagjöf, reikningagerð, afgreiðsla o.fl.

Unnið er eftir vaktafyrirkomulagi.
Dagvakt frá kl. 07:30 til 19:30.
Næturvakt frá kl. 19:30 til 07:30, viku í senn.
Frí aðra hverja viku.

Óskum eftir fólki sem hefur:

- Ríka þjónustulund
- Góða samskiptahæfni
- Mjög góða íslensku- og enskukunnáttu í töluðu og rituðu máli
- Góða almenna tölvukunnáttu
- Þekkingu á Navision bókunarkerfi (æskilegt)
- Sjálfstæði og metnað til að skila góðu starfi

Umsækjandi þarf að hafa hreint sakavottorð, vera reyklaus, 26 ára eða eldri og geta hafið störf strax.

Umsóknarfrestur er til 19. september.

Umsækjendur sendi starfsferilsskrá á netfangið olafur@hotelborg.is



www.keahotels.is



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Réttindagæslumaður fatlaðs fólks í Reykjavík

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf réttindagæslumanns fatlaðs fólks í Reykjavík skv. 4. gr. laga nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk og reglugerð nr. 973/2012. Um fullt starf er að ræða.

Helstu verkefni réttindagæslumanns er að fylgjast með högum fatlaðs fólks, veita því nauðsynlegan stuðning við að leita réttar síns og koma með ábendingar til þjónustuaðila. Nánari upplýsingar um réttindagæslu er að finna á www.vel.is/rettindagaesla

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og áhugi á réttindum fatlaðs fólks.
- Reynsla af starfi með fötluðu fólki.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og færni til að geta unnið sjálfstætt og skipulega.

Um launakjör fer eftir kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. janúar 2014 eða fyrr. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Halldór Gunnarsson halldor.gunnarsson@vel.is. Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á netfangið: postur@vel.is eigi síðar en 1. október nk.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

Byggingafræðingur óskast

dap óskar eftir að ráða metnaðarfullan og hæfan einstakling til starfa

Við mat á umsóknum verður eftirfarandi haft til hliðsjónar:

- reynsla af verk- og deiliteikningum
- reynsla af gerð áætlaða- og verklýsinga
- góð þekking á Autocad

Umsókn ásamt ferilsskrá skal sent á netfangið umsokn@dap.is eigi síðar en 22.09.2014 - Nánari upplýsingar í síma 660 4200 Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál

dap

development-architecture-property Tjarnargötu 4 101 Reykjavík

Ert þú með metnað í Amadeus og langar að vaxa í starfi?

Áætlunardeild Úrvals Útsýnar leitar að snjöllum ferðaráðgjafa með reynslu af því að bóka flug í Amadeus bókunarkerfinu. Áætlunardeild Úrvals Útsýnar skiptist upp í Fyrirtækjavið sem selur áætlunarflug til fyrirtækja og Alþjóðasvið sem selur áætlunarflug til einstaklinga. Leitað er eftir jákvæðum og kraftmiklum einstaklingi með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Starfssvið og helstu verkefni

- Samskipti við viðskiptavini
- Sala og ráðgjöf
- Bóka flug, hótél og bíl

Menntunar- og hæfniskröfur

- Ferðamálafræði - IATA/UFTAA
- Góð færni og reynsla af Amadeus bókunarkerfinu
- Gott vald á íslensku og ensku og færni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti
- Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður, skipulagður, sýna frumkvæði og geta unnið undir álagi
- Þekking á íslensku atvinnulífi og viðskiptaumhverfi er kostur
- Þjónustulundaður og góður í mannlegum samskiptum

Við hvetjum jafnt karla sem konur til að sækja um. Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi um hæfni viðkomandi í starfið. Umsækjandi þarf að gera hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Steinunn Tryggvadóttir sölu- og starfsmannastjóri Úrvals Útsýnar. Umsóknir sendist á netfangið steinunn@uu.is. Umsóknarfrestur er 16. september 2014.



ÚRVAL-ÚTSÝN
www.uu.is

K|1005

Sölumaður

K100 óskar eftir frábærum einstaklingi í söluteymi stöðvarinnar. Viðkomandi þarf að vera orkumikill, drífandi, sjálfstæður, skapandi, lausnamiðaður og umfram allt framúrskarandi í mannlegum samskiptum. Í starfinu felst hugmyndavinna, samskipti við viðskiptavini og framleiðsla útvarpsauglýsinga.

K100 er hluti af Skjánum sem á og rekur SkjáEinn, SkjáSport, SkjáBíó, SkjáFrelsi og SkjáKracka

**Umsóknir sendist á
vidskiptastjori@skjarinn.is**



Verkstjóri

hjá Vinnslustöðinni hf.

Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum óskar eftir að ráða verkstjóra í fiskvinnslu. Meginverkefni verkstjóra eru dagleg umsjón og skipulagning á fiskvinnslu félagsins í samvinnu við aðra stjórnendur.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af stjórnun er æskileg
- Tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Heiðarleiki og nákvæmni
- Stundvísi og reglusemi

Upplýsingar veitir Anna S. Hjaltadóttir, anna@vsv.is. Í umsókn þurfa að koma fram ítarlegar upplýsingar um menntun, reynslu og fyrri störf. Umsóknir óskast sendar í tölvupósti á vsv@vsv.is eða á skrifstofu félagsins merkt: „Umsókn – verkstjóri“. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum svarað. **Umsóknarfrestur rennur út sunnudaginn 28. september 2014.**

Vinnslustöðin er í hópi stærstu sjávarútvegsfyrirtækja landsins. Fyrirtækið er einn stærsti vinnustaðurinn í Eyjum með um 250 fastráðna starfsmenn og fjölda fólks í tímabundnum verkefnum eða störfum. Fyrirtækið greiddi tæpa fjóra milljarða króna í laun á árinu 2013. Vinnslustöðin á og gerir út alls níu skip til uppsjávar-, tog- og netaveiða. Vinnslustöðin starfrækir saltfiskverkun, humarvinnslu, bolffiskvinnslu og uppsjávarvinnslu. Fyrirtækið á og rekur fiskimjólsværsmiðju og frystigeymslu.

Vinnslustöðin hf.
Hafnargötu 2, 900 Vestmannaeyjar
Sími 488 8000
vsv@vsv.is • www.vsv.is

FRAMKVÆMDASTJÓRI

Hvalasafnið á Húsavík óskar eftir að ráða öflugan og áhugasaman framkvæmdastjóra í fullt starf. Leitað er að einstaklingi með einstaka hæfni í mannlegum samskiptum, hæfni til að koma auga á tækifæri og mikið frumkvæði. Dagleg verkefni framkvæmdastjóra felast í öllu því er viðkemur rekstri safnsins, starfsmannahaldi og markaðsmálum.

Leitað er að einstaklingi sem uppfyllir eftirfarandi kröfur:

- Hefur haldgöða háskólamenntun er nýttist í starfi og/ eða reynslu af sambærilegum störfum.
- Hefur mikla hæfni í mannlegum samskiptum og býr yfir sveigjanleika.
- Býr yfir jákvæðni, drifkrafti og góðri getu til ákvarðanatöku.
- Hefur skipulagshæfni og á auðvelt með að fylgja eftir verkefnum.

Umsókn skal fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 28. september nk. og skulu umsóknir sendar á umsokn@hvalasafn.is.

Nánari upplýsingar um starfið eru veittar á umsokn@hvalasafn.is.

Hvalasafnið á Húsavík er meðal fátta sérhæftra safna á sviði hvala á heimsvísu. Safnið er einnig meðal fjölsóttustu safna/sýninga í byggðum landsins. Hvalasafnið byggir starfsemi sína m.a. á nánu samstarfi við sérfræðinga og rannsóknarnema á sviði sjávarspendýra, m.a. frá Háskóla Íslands og Náttúrufræðistofnun Íslands. Hvalasafnið hefur áform um eflingu starfseminnar og viðbyggingu í tengslum við hýsingu steypireyðargrindar.



Ert þú ekki gera ekki neitt týpa?

Motus ehf. er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar (Credit Management Services).

Hjá Motus starfa rúmlega 140 starfsmenn á 11 starfsstöðvum um land allt. Meðal viðskiptavina Motus eru m.a. fjölmörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

Motus er samstarfsaðili Intrum Justitia, sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði kröfustjórnunar.

intrum  **justitia**

Motus óskar eftir að ráða nýja starfsmenn á Fyrirtækjasvið.

Ráðgjafi

Í starfinu felst ráðgefandi sala á þjónustulausnum Motus, samskipti við viðskiptavini, greining og ráðgjöf varðandi meðferð viðskiptakrafna auk tilboðs- og samningagerðar.

Viðkomandi þarf að búa yfir söluhæfileikum, frumkvæði, jákvæðni og drifkrafti.

Í starfinu reynir á sjálfstæð vinnubrögð og virka þátttöku í teymisvinnu. Krafa er gerð um reynslu af sambærilegum störfum.

Viðskiptafræðimenntun eða sambærileg gráða er kostur en ekki skilyrði.

Viðskiptastjóri

Í starfinu felst þjónusta og samskipti við viðskiptavini Motus, greining og ráðgjöf varðandi meðferð viðskiptakrafna, auk tilboðs- og samningagerðar.

Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði, drifkrafti og góðum samskiptahæfileikum. Í starfinu reynir á sjálfstæð vinnubrögð og virka þátttöku í teymisvinnu.

Krafa er gerð um háskólamenntun og/eða reynslu af sambærilegum störfum.

EKKI GERA EKKI NEITT er grundvöllur fyrirtækjamenningar Motus, en innri gildi starfsmanna eru hjálpsæmi, frumkvæði, jákvæðni, vinnusemi og umburðarlyndi.

Í boði er skemmtilegt umhverfi, metnaðarfullir samstarfsmenn, afburða upplýsingakerfi og öflugt fyrirtæki.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir, starfsmannastjóri Motus, í síma 440 7122. Vinsamlegast sækjið um á heimasíðu okkar, www.motus.is. Umsóknarfrestur er til og með 25. september 2014. Ráðið verður í störfum sem fyrst.

motus

CAPACENT RÁÐNINGAR

Ráðgjafar Capacent Ráðninga búa yfir viðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, www.capacent.is

capacent

KLETTUR - SALA OG ÞJÓNUSTA LEITAR EFTIR VIÐGERÐAMÖNNUM

Bifvélavirkja, vélvirkja eða starfsmann með reynslu af vörubíla- viðgerðum vantar til starfa á vörubílaverkstæði Kletts.

Verkstæðið er mjög vel tækjum búð og öll starfsaðstaða til fyrirmyndar.

Áhugasamir vinsamlega hafi samband við Svein Simonarson í síma 825 5752 eða svsi@klettur.is

KLETTUR



Klettagöðum 8-10 | 104 Reykjavík | Sími: 590-5100 | klettur.is



PARFAPING HF.
www.tharfathing.is

Smiðir óskast

Óskum eftir að ráða vana trésmiði í fjölbreytt verkefni, framtíðarstörf.

Parfaping hf. er traust verktakafyrirtæki sem hefur verið starfandi frá árinu 1993. Fyrirtækið óskar eftir vönum trésmiðum í fjölbreytt verkefni, um framtíðarstörf er að ræða.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið eggert@tharfathing.is



Hlutastarf

Starfið felst í aðstoð við hreyfihamlaðan vinnandi einstakling á heimili hans. Aðstoða þarf við athafnir daglegs lífs, þrif, innkaup, heimilisbókhald, vinnuferðir o.fl. Um er að ræða óreglulegan vinnutíma á morgnana og kvöldin eða eftir samkomulagi. Nauðsynlegt er að umsækjandi hafi bílpróf. Vinnan byggir á hugmyndafræði NPA (notendastýrðri persónulegri aðstoð).

Upplýsingar veitir Haraldur í síma 896 7887.

Járnprýði

Almenn sérsmiði

Járnprýði ehf vantar vanan stálsmið eða blikksmið til starfa. Þarf að geta unnið sjálfstætt og vera reyklus.

Viðkomandi þarf að vera íslenskumælandi.

Járnprýði er lítið og persónulegt fyrirtæki sem veitir viðtæka þjónustu.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá á netfangið ingi@jarnprydi.is



Efnafræðingur/ Efnaverkfræðingur

Carbon Recycling International

Starfslýsing

Starfið er við rannsóknar og þróunarvæðing CRI og snýr að þróun á nýrri tækni til framleiðslu á vistvænu eldsneyti. Starfið felst í umsjón með rannsóknarverkefnum og framkvæmd tilrauna á tilraunastofu s.s. efnasmíði á efnahvötum, efnagreiningum og gæðaeftirlit við framleiðslu.

Ábyrgðasvið:

- Umsjón með daglegum rekstri á rannsóknarstofu.
- Úrvinnsla gagna og skrásetning á niðurstöðum.
- Tæknirannsóknir og gerð einkaleyfa.
- Framkvæmd reglubundinna mælinga.
- Þátttaka í evrópskum rannsóknarverkefnum.

Carbon Recycling International (CRI) endurvinnur koltvísýring úr útblæstri iðn- eða orkuvera og umbreytir í endurnýjanlegt metanól eldsneyti sem blanda má út í bensín fyrir óbreytta bíla. Endurvinnsla koltvísýrings dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Fyrirtækið rekur fyrstu verksmiðju sinnar tegundar í heiminum við Svartsengi.

Vinsamlegast sendið ferilskrá og kynningarbréf netfangið vilborg@carbonrecycling.is

Setjið starfsheiti sem sótt er um í titilinn.

Frekari upplýsingar fást á vefsíðu okkar www.carbonrecycling.is

Hæfisskilyrði:

- BS gráða í efnafræði/efnaverkfræði.
- Meistaragráða í efnafræði/efnaverkfræði æskileg.
- Reynsla af vinnu við rannsóknir.
- Nákvæm og vönduð vinnubrögð.
- Geta til að vinna sjálfstætt, taka frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Mjög gott vald á ensku í ræðu og riti.

Umsóknarfrestur er til og með 28. september 2014

ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi



VERKEFNISSTJÓRI Í VÉLADEILD

ÍSTAK óskar eftir að ráða verkefnisstjóra, með haldgóða þekkingu á eða reynslu af vinnuvélum, til starfa á skrifstofu félagsins. Leitað er að skipulögðum og sjálfstæðum einstaklingi með góða samstarfs- og samskiptahæfileika.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um starfið.

Starfssvið:

- Kaup og sala á vinnuvélum og tækjum.
- Eftirfylgni við rekstur og viðhald véla.
- Skráning á vinnuvélum og tækjum.
- Upplýsingagjöf um tæki og rekstrarkostnað.
- Umsjón með leigukerfi.
- Yfirferð og samþykkt á reikningum.
- Umsjón með vinnuskýrslum.


Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem tæknifræði, viðskiptafræði eða rekstrarfræði er kostur.
- Skipulagshæfni og öguð vinnubrögð.
- Góð tungumálakunnátta (enska og norðurlandamál).
- Góðir samskiptahæfileikar.

Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri ÍSTAKS, Bugðuflljóti 19, 270 Mosfellsbæ og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um störfin á www.istak.is – undir „Starfsumsókn“ fyrir 22. september næstkomandi.

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 400 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stór-íðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.



Sérfræðilæknir í svæfinga- og gjörgæslulækningum

Laus er til umsóknar staða sérfræðilæknis í svæfinga- og gjörgæslulækningum við svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítala. Starfshlutfall er 100%. Starfið verður veitt frá 1. janúar 2015 eða eftir nánara samkomulagi. Til greina kemur að veita hlutastöður.

Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sérfræðistörf í samráði við yfirlækna sérgreinarinnar, svo sem vinna á skurðstofum, gjörgæslu, móttöku, við svæfingar á útstöðvum sjúkrahússins, bráðameðferð og meðhöndlun bráðra og langvinnra verkja.
- » Þátttaka í bakvöktum og bundnum staðarvöktum samkvæmt vaktafyrirkomulagi sérgreinarinnar.
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækna og prófessor.

Hæfniskröfur

- » Sérfræðiviðurkenning í svæfinga- og gjörgæslulækningum á Íslandi.
- » Frekari sérhæfing innan svæfingar á sviði bæklunar/barna/ heila- og tauga/háls-, nef- og eyrna/æða- eða lýtalækninga og/eða gjörgæslulækninga er æskileg en ekki skilyrði.
- » Reynsla í kennslu og vísindavinnu er æskileg en ekki skilyrði.
- » Vilji til frekari sérhæfingar í samráði við yfirlækna deildarinnar.
- » Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 1. október 2014.
- » Starfshlutfall er 100%.
- » Fullt starf (100%) er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.
- » Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentum eða ljósritum af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- » Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti fyrir 1. október 2014 til skrifstofu aðgerðarsviðs LSH.
- » Fylla þarf út lágmarksupplýsingar á almenna umsókn og setja viðhengi, en ítarlegri upplýsingar fyllist út í umsókn fyrir læknastöðu, sjá vef Landlæknis.
- » Upplýsingar veita Sigurbergur Kárason, yfirlæknir, skarason@landspitali.is, sími 543 1000 og Alma D. Möller, framkvæmdastjóri aðgerðarsviðs, almam@landspitali.is, sími 543 1000.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.



Proskapjálfi -

Spennandi og fjölbreytt starf

Ás styrktarfélag óskar eftir þroskapjálfa í 100% starf í Stjórnugróf. Vinnutíminn er frá 8.30-16.30. Staðan er laus frá 1. október eða eftir nánara samkomulagi.

Um er að ræða vinnu- og virknilboð fyrir fullorðin fólk með fötlun. Starfsmaður tekur þátt í fjölbreyttum og spennandi verkefnum í samvinnu við góðan starfsmannahóp í sveigjanlegu og skemmtilegu vinnuumhverfi.

Upplýsingar veitir Sigurbjörg Sverrisdóttir í síma 414-0560.

Umsókn sendist á essy@styrktarfelag.is. Einnig má sækja um í gegnum heimasíðu félagsins www.styrktarfelag.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.

DEILIR ÞÚ MEÐ OKKUR

matarást?

Við á **BARNAHEIMILINU ÓS** vitum að hjartað í húsinu slær í eldhúsinu enda þurfa litlir kroppar góða næringu fyrir alla stóru sígra dagsins. Við leitum því að Heilsukokki/ starfsmanni í eldhús leikskólans sem hefur yndi af matreiðslu og leggur ást í matinn.

Í staðinn bjóðum við upp á frábæran starfsanda, 33 kærleiksrika matháka og vinnutíma frá 9.00 - 15.00.

Allar nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 552-3277 eða í gegnum netfangið os1@simnet.is.

Umsóknarfrestur til 21. september nk.



BARNAHEIMILINU ÓS
Bergþórugata 20, 101 Reykjavík



GRILLMARKAÐURINN

MATREIÐSLUMAÐUR



Við leitum að matreiðslumanni sem býr yfir metnaði og vinnur vel með öðrum. Samkeppnishæf laun og skemmtilegt vinnuumhverfi í boði fyrir réttan aðila.

Umsóknir sendist á netfangið info@grillmarkadurinn.is

LÆKJARGATA 2A | 101 REYKJAVÍK
SÍMI 571 7777 | GRILLMARKADURINN.IS

Grafíker óskast

Við erum að leita að öflugum grafíker til starfa í markaðsdeild Bílabúðar Benna. Viðkomandi þarf að vera frjór og hafa góða eiginleika í mannlegum samskiptum.

Starfssvið:

- Almenn grafísk hönnun
- Auglýsinga- og bæklingagerð
- Umsýsla á vefnum
- Hugmynda- og teymisvinna

Menntun og hæfniskröfur:

- Grafísk hönnun eða reynsla af slíku
- Sjálfstæð og fagleg vinnubrögð
- Sköpunargleði og frumkvæði
- Hæfileiki til að vinna í hóp

Viðkomandi þarf að hafa góða kunnáttu á InDesign, Photoshop og Illustrator. Kunnáttu á önnur forrit sem tengjast grafík og Internetinu er mikill kostur.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Már Sigurðsson í síma **590 2008**.

Umsóknum skal skila á tölvutæku formi til mar@benni.is

Umsóknarfrestur er til og með **22. september n.k.**

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími: 590 2000 • Fax: 590 2099 • www.benni.is



Kraftvélar óska eftir að ráða öflugan sölumann á norðurlandi



Sölumaður landbúnaðartækja

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur starfsmann í söludeild okkar á Akureyri.

Um er að ræða krefjandi starf sem felur í sér sölu á landbúnaðartækjum, heimsóknir til viðskiptavina á norðurlandi ásamt samninga- og tilboðsgerð.

Umsækjandi þarf að hafa reynslu af sölumennsku og þekkingu á landbúnaði er kostur. Hann þarf að vera framsækinn, áreiðanlegur, ósérhlífinn og hafa getu til að skipuleggja starf sitt og vinna sjálfstætt. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli.

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 3. október á netfangið heida@kraftvelar.is Öllum umsóknum verður svarað.



Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

www.vinna.is



Stálsmiðir - Rennismiðir

Við leitum að mönnum vönum smíði úr ryðfríju stáli. Einnig Rennismið í hálfu eða fullt starf.

Umsóknir óskast sendar á mesa@mesa.is eða síma 863-2548.

M. Sigurðsson ehf. - Hvaleyrarbraut 2 - 220 Hafnarfjörður



LJÓSAVOGUR
LÖGGILTUR RAFVERKTAKI

Rafvirki

Ljósavogur óskar eftir því að ráða rafvirkja.

Æskilegt er að viðkomandi geti unni sjálfstætt við nýlagin og viðhald á raflögnum.

Umsóknum skal skilað á raggi@ljosavogur.is

Allar nánari upplýsingar veitir Ragnar í síma 895 9010

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Flataskóli

- starfsmaður við leikskóladeild

Íþróttamiðstöðin Ásgarður

- starfsmaður í vaktavinnu

Leikskólinn Bæjarból

- sérkennslustjóri

Leikskólinn Hæðarból

- starfsmaður í skilastöðu
- leikskólakennari afleysing

Leikskólinn Holtakot

- leikskólakennari

Nánari upplýsingar á vef Gardabæjar, www.gardabaer.is



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

Sundþjálfari

Sunddeild Breiðabliks auglýsir eftir þjálfara til að kenna hjá félaginu veturinn 2014-2015.



Starfssvið:

- Kennsla í Sundskóla deildarinnar sem ætlaður er fyrir 4-6 ára börn.
- Kennsla í Salalaug og Sundlaug Kópavogs frá kl. 16:00-19:00 2-4 daga vikunnar.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sundi og þjálfun.
- Reynsla við að vinna með ungu börnum.
- Stúdentspróf er skilyrði en sérhæfing í sundþjálfun og menntun í íþróttafæði er kostur.
- Viðkomandi verður að geta unnið með börnum, vera þolinmóður, stundvís, heilsuhausstur og geta gefið af sér.

Nánari upplýsingar veitir Arnar Felix Einarsson í síma 867-0759. Umsókn með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skila á netfangið arnarfe@gmail.com fyrir 20. september næstkomandi. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Sunddeild Breiðabliks er eitt af fyrirmyndarfélögum ÍSÍ og fylgir stöðlum þar að lútandi. Þjálfun og kennsla fer fram á tveimur stöðum, í Salalaug og Sundlaug Kópavogs á Kársnesi. Nánar upplýsingar um sunddeildina er að finna á www.breidablik.is/sund.

Vilt þú auka tekjur þínar?

Viltu starfa sjálfstætt, ráða þínum eigin vinnutíma? Erum að leita eftir heiðalegu, ábyggilegu, framsæknu og duglegu fólki til að starfa með. Miklir framtíðarmöguleikar hérlandis og erlendis. Alþjóðlegt fyrirtæki, eitt stærsta og farsælasta fyrirtæki á sínu sviði í heiminum í dag, starfar í yfir 150 löndum. Árangurstengdar tekjur auk mögulegra bónusa. Tekjumöguleikar 70.000 - 300.000 kr. á mán. 300.000 - 600.000 kr. á mán.

Áhugasamir hafið samband:

820-4122 eða moguleiki@gmail.com



SJÚKRAHÚSIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI HOSPITAL

Skólastjóri Sjúkraflutningaskólans

Laus er til umsóknar 100% staða skólastjóra Sjúkraflutningaskólans við Sjúkrahúsið á Akureyri. Um er að ræða dagvinnu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Ábyrgðarsvið: Skólastjóri veitir skólanum faglega forystu í samráði við fagráð skólans, vinnur fjárhags- og starfsemiáætlanir og ber ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi hans. Skólastjóri vinnur að stefnumótun skólans auk þess að veita ráðgjöf og stuðning við leiðbeinendur skólans.

Hæfniskröfur: Gerðar eru kröfur um háskólapróf sem nýtist í starfi auk þess sem starfsreynsla á sviði sjúkraflutninga eða bráðabjónustu er æskileg. Horft verður til stjórnunar- og skipulagshæfileika auk þess sem áhersla er lögð á frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi. Við ráðningu verður lögð áhersla á hæfileika á sviði samskipta, samvinnu og sjálfstæðra vinnubragða.

Næsti yfirmaður er Hildigunnur Svavarsdóttir, framkvæmdastjóri bráða-, fræðslu- og gæðasviðs sem gefur nánari upplýsingar í síma 463-0100 eða á netfangi hildig@fsa.is. Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

Umsóknarfrestur er til og með 29. september n.k.

MAZDA 6 h/b t. Árgerð 2007, ekinn 97 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.112110.



RENAULT Clio expression diesel. Árgerð 2014, ekinn 23 PKM, dísel, 5 girar. Verð 2.650.000. Rnr.114224.

Litla bílasalan
Eirihöfða 11, 110 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is

bíll.is

bestir í bílum...



NISSAN X-trail. Árgerð 2007, ekinn 159 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.590.000. Rnr.194872.

Bíll.is
Sími: 577 3777
www.bill.is

Bílar til sölu



Opel Astra, 00 árg. 2L Dísel. Sjálfskiptur, Skoðun ,15, 390 þús. Uppl. 8418808.



Passat dísel ,12 árg. Ek. 127 þ. Bsk, eyðir 5L /100 3,6 millj. Sími 7730940



V6 3.5. 95árg Pajero nýlega skoðaður 31" dekk. ekinn 248þús. ný tímæreim í 200 þús. Nýr vatnaskassi, startari, geymir og fl. Nánari uppl í s. 8479650



Til sölu Mercedes Benz 250, árgerð 1977, Ekinn um 115þúsund km Riðlaus fornbíll í góðu formi Upplýsingar í síma 897 9254 á skrifstofutíma.



Nissan Almera, árg. ,03 .Ek. 171.610 km, beinskíptur. Ásett verð eru 450.000 kr. upplýsingar í síma 7776963.



Hiace 2005 sjálfsk, ný smurður,ný skoðaður,ný tímæreim ekinn 143,þús. Snyrtilegur bíll og góður bíll verð 1950þús. Uppl í s. 8612327



Lexus RX 300 árg 03, ek. 192 þ km. í góðu standi og vel með farinn frúarbíll. uppl í síma 8990675



Skoda Octavia Árg. 2011, ek. 98.000 km, ssk, dísel, verð: 3.250þ. Uppl. í s. 899 8550



M.B Glander 560 GE árg 91 ek. 177 þús. Verðið er hóflegt 3.8 millj. bíllinn er í toppstandi og ryðlaus. Uppl í s. 8228558



Volvo S60 árg ,13, ek. 25.000 km. Sjálfskiptur, tvöföld miðstöð, álfelgur, bluetooth ofl. Þessi vinsæli bíll fæst á aðeins 4,990,000.- S. 8206720 eða 8434601



Ssang Yong Kyron árg'06, ek. 150 þús. ásett 1.750þ, Tilboð 1.450þ. S. 896-9819



M. Benz sprinter 313 CDI árg 05 ekinn 140 þ.km nýskoðaður 15 athugasemdalást. Innréttaður sem húsb/hjólabil. Allar uppl. í síma 8565172. Verð 2,8 m.



Til sölu Galloper ,00 ekinn 220þús. Ný tímæreim. Nýlega skodadur. 31" dekk. Ásett verð er 270 þusund. Uppl. í síma 8479650.

Seldur.is

KAUPUM BÍLA

HÆRRA UPPÍTÖKURERÐ

Við staðgreiðum bíllinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.



ALGER EDALL TIL SÖLU.

MB Turbo Diesel 300 SD 1979, afskaplega vel með farinn og óryðgaður með öllu. Allur original frá upphafi. Verð 1,650þ stgr. Uppl: 899 0410

Bíll til sölu, Suzuki Baleno árg. ,98. Sk. 15. ek. 160 þkm. Verð 300 þús. S. 847-0075.

Til sölu fjór hjóladrifinn Subaru impreza. Bílnúmer SV 630, árg. 2001. Keyrður 147.þús km. Verð 530þús. Sími 6993159/5525028

Skoda Octavia II Combi 4x4 árg. ,06, ekinn 156þ. 1 eigandi, verð 1500þ stgr S: 8252699

0-250 þús.



Renault Clio ,99. Ek.120 þ. Ný heilsársrd. Skoðaður. Beinsk. Verð 250 þ. Mögul. á 100% fjármögnun með Netgíró. Uppl í 7783911



Nissan micra ,99. Ek. 210. Sjálfsk. Skoðaður. Verð 170 þ. Uppl í 7783911

250-499 þús.



Renault megane 2003, ek.230 þ. Skoðaður. Nýl.tímar. heilsársrd, beinsk. Ásett verð 490 þ. Tilboð 390 þ. Mögul. á fjármögnun uppáð 250 þ. með Netgíró. Uppl í 7783911

bíll óskast



Óskum eftir KIA Sorento Luxury Árgerð 2012 til 2014 dísel, sjálfskiptur.Góð staðgreiðsla í boði Abíll.is ATH vantar bíla á skrá Ný glæsileg heimasíða, frí skráning. Við aðstoðum þig við bíla kaupin góð þjónusta, fagleg ráðgjöf. Hafðu samband.

abíll.is
NETBÍLASALA



Renault clio ,00. Ek.155 þ. Skoðaður. Topp bíll. Beinsk. Verð 270 þ. Mögul. á 100% fjármögnun með Netgíró. Uppl í 7783911

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

Jeppar



NISSAN PATROL 2005 TIL SÖLU

Nissan Patrol Elegance 2005, 35", ek. 208 þ. km. Nýupptekin vél, intercooler, túrbína og bremsur. Nýskoðaður og smurður. Nýleg dekk, toppluga og leður. Dekur bíll til sölu vegna flutninga. Ásett verð 3,5 milljónir, tilbodsverð 3,2 milljónir. Engin skipti. S. 866-7632, Gylfi.

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

VARAHLUTIR
Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutabjónusta
VÉLANAUST ehf
Áhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

Sérhæfð viðgerða- og viðhaldsþjónusta fyrir húsbílaeigendur
Verkstaði VARAHLUTIR
S. 564 2004
SÍMAR 564 2004 / 864 4571 / 864 4572 - Óseyrarbraut 7 Hafnarfirði

UPLEDGER INSTITUTE ISLAND
Nám í höfuðbeina- og spjaldhryggjar meðferð hjá Upledger á Íslandi hefst 20. september 2014
Nánari upplýsingar um námið og skráning í síma 8630610 • erla@upledger.is • www.upledger.is
Erla Ólafsdóttir sjúkráþjálfari, CST

Minni tæki í miklu úrvali.
Jarðvegsþjoppur
Hjólavagnar
Valtarar
Hrærivélar
Steypusagir
Pússi-pylur
Vibratorar
ASAFL Þessi er sink-húðuð.
Hjallahraun 2 - 220 Hfj. - s. 562 3833 - www.asafl.is - asafl@asafl.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutabjónusta
VelRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Áhella 4 • Áhella 8

NÁMSKEIÐIN ERU AÐ HEFJAST.
GLERBRÆÐSLA, TIFFANY'S GLERSKURÐUR, LEIRMÓTUN, SKARTGRIPAGERÐ O.FL. NÝTT KERAMIKMÁLUN.
ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF
WWW.GLITIS GLIT@GLITIS
GLIT
GÍT ehf. Krókshálsi 5, 110 Rvk. sími 987 8411

Parketslípun
sólfallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRITT
Gólf list

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímarpantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http://www.facebook.com/bilathjonustabjarka

Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörðun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

Jeppar



Mitsubishi Outlander Turbo, árg. 2006, 4x4, ek. 97.000. Beinskjurtur, nýleg dekk, dráttarkúla, þakbogur, aksturstalva, leður/tau sæti. Verð kr. 1.390.000, Uppl. í s. 892 5553

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Vörubílar



Til sölu Volvo FM 12 árg. 2000 ek. 480þús bíll í góðu standi tilbúin í vinnu. Vagn getur fylgt. Frekari uppl. í s. 899 0012

Til sölu 13 rúmmetra vörुकassi ásamt 750kg lyftu. Bílaður sprinter getur fylgt með. Uppl. í s. 699 7887

Húsbílar

rotor.is

Dótabúð
húsvagnaeigenda

Rótor ehf. s. 5554900
Helluhrauni 4, H.F.

Hjólhýsi



Til sölu heilsárhjólhýsi Cabby F52 Model 2004. Myndir og útbúnaði sjá www.planid.is Verðlækkun kr. 500þús. Uppl. 8988103.

til sölu

**Gamli glugginn úr,
ný glugginn í
...svo einfalt er það**

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Vinnuvélar



Ein með öllu - JCB 8045 árg. 2007 Vinnustundir 2412 tímar. Splunkuný glussadæla í vélinni. Með vélinni eru 6 skóflur í eftirtöldum stærðum. 20cm - 30cm - 40cm - 70cm - 150cm og 120cm tiltskófla með tveimur tjókkum. Einnig er með vélinni DAEMO DMB 50 fleigur með tveimur stálum. Blikkljós með segli fylgir. Vélir lítur mjög vel út og er nýskoðuð. Verð á vélinni er 5,8 milljónir án vsk. Uppl. í s. 8931986

Bílaþjónusta

BendPak

Hágæða bandarískar vökvadrifnar bílaþyflur.

Stál og Stansar ehf.
VAGNHÖFDI 7 • Sími 517 5000
stalogstansar@stalogstansar.is

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR
BÍLAPARTASALA**

Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opíð 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

VY-PRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélag, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Garðyrkja

TRJÁFELLINGAR
Klippir, fellir snyrti tré og runna. Eiríkur Sæland garðyrkjufraeðingur. Sími: 848 1723.

Bókhald

Tek að mér bókhald fyrir t.d. lítil fyrirtæki. Viðurkennd réttindi og vönduð vinnubrögð. MD bókhald ehf sími 616-9480.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR
Alhliða málningarþjónusta. Fagþjónusta. Vönduð vinnubrögð. Sími. 891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

SENDIBILL.IS

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Húsviðhald

Verk og efni ehf

Fasteignaviðhald • Allt viðhald fasteigna
Málingavinna • Smíðavinna
Þakviðgerðir • Flísalagnir • Múrviðgerðir

Uppl. í s. 867 4968 Njáll
verkefni@gmail.com

KRAFTbindingar
699 0921 - 616 8822
kraftbindingar.is

- Mótauppsláttur
- Járnaþbindingar

**MARKMIÐ
VERKTAKAR**

**ALHLIÐA
FASTEIGNAVIÐHALD**

Smíðavinna • Pipulagnir
Raflagnir • Málingavinna
Múrviðgerðir • Flísalagnir
Hellulagnir • Jarðvinna
Lóðavinna

Tilboð þér
að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

TRÉSMÍÐI

ÖLL ALMENN TRÉSMÍÐA-
VINNA INNAN SEM UTAN.
20 ÁRA REYNSLA.
TILBOÐ/TÍMAVINNA
UPPL. HJÁ GUÐMUNDI
Í S. 895 6820
ALPARSLF@HOTMAIL.COM

Parketslípun

sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is
www.golflist.is

Golf list

99%
RYKFRITT

Tölvur

Er tölvan þín að stríða þér, of hæg? eða er hún full af vírusum? Ég gæti kannski hjálpað þér S: 659-4665

Spádómar

Spáði í beinni í Sunnudagsmorgnum hjá Sirry fyrir tveimur árum. Uppl. í S. 690 8160

Spái í Tarot og bola tek heim og í gegnum síma. Ein af þeim bestu. Trúnaður. Kristín s. 8979002.

SPÁSÍMINN 908 5666

Stjórnuspa. Tarot. Ársspa. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS

Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

KEYPT
& SELT

Til sölu



GOLFBÍLL EZGO OG KERRA
Golfbíl í mjög góðu ástandi með húsi, ljósum og hitara. Móturhjólakerra útbúinn f. Golfblinn. Upplýsingar í síma 892 5553

FERDAÞJÓNUSTUADILAR!

Húsgögn og fleira til sölu

Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar, fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.

Allt notað en vel með larið og í mjög góðum gæðum.

MJÖG GOTT VERÐ

Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is

NYTJAMARKAÐUR
SAMHJÁLPAR

Vegna lokunar Nyttjamarkaðarins að Funhöfða 19, 110 RVK, kjallari bakvið verður rýmingarsala 12-14 sept frá kl. 13-18.

Aðeins 3 verð!

1000.-kr 2000.-kr -3000.-kr

Allt á að seljast
Samhjálp

ÓDÝR HEIMILSTÆKI

Pvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 587 5976.

Óskast keypt

KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

HEILSA

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Líkamsrækt

MOVEMENT MEDICINE

Príðudaga 5:30-7:30 pm
Skaftfellingafélagið Laugarvegi 178
Inngangur við Bolholt Facebook.com/
FoundationsDance

Fáðu Fasteigna-Appið í símann þinn!



Fasteignir.is
-Nú með Fasteigna-App

- Með nýja Fasteigna-Appinu skapast íslenskum simnotendum nýir og skemmtilegir möguleikar að leita að fasteignum í farsímunum
- Allar eignir sem eru til sölu og leigu á Íslandi eru inni á Fasteigna-Appinu
- Myndir af eignum koma upp í símann þinn ásamt upplýsingum um opin hús
- Nákvæm leiðarlýsing frá þeim stað sem viðkomandi er staðsettur

vísir.is

ÁNÆGÐ MEÐ BIO-KULT

ICECARE KYNNIR Ásta D. Baldursdóttir hefur góða reynslu af Bio-Kult vörum. Sonur hennar fær Bio-Kult Infantis sem inniheldur meðal annars omega-3 og D-vítamín en hann hefur ekki viljað taka inn omega-3 í öðru formi.

Börn eru eins misjöfn og þau eru mörg og miserfitt að fá þau til að taka inn ýmiss konar bætiefni og vítamín,“ segir Ásta D. Baldursdóttir. „Sonur minn er sjö ára kröftugur orkubolti sem er á einhverfurofinu. Mér hefur reynst erfitt að fá hann til að taka inn omega-3 vegna áferðarinnar á olíunni og bragðsins en hann er með mjög næmt bragðskyn. Ég hef reynt að gefa honum omega-3 í töfluformi og fljótandi og hvorugt hefur gengið. Í sumar sá ég auglýsingu um Bio-Kult Infantis og það vakti athygli mína að það inniheldur omega-3 og það er í duftformi sem blandast út í mat eða drykk. Ekki er verra að það inniheldur líka sjö gerlastrengi af mismunandi mjólkursýrugerlum sem styrkja og bæta meltinguna, fimmtíu prósent af ráðlögðum skammti af D3-vítamíni, Preplex sem er blanda efna sem styrkja meltinguna og koma í veg fyrir niðurgang og það er enginn viðbættur sykur, litar- eða

bragðefni eða önnur aukaefni í duftinu.“ Ásta segist hafa gefið syni sínum Bio-Kult Original mjólkursýrugerlana til að styrkja þarmaflór-una en þá uppgötvaði hún þegar hún las bókina „Meltingarvegurinn og geðheilsa“ eftir Dr. Natasha Campbell-McBride, en þar er einmitt mælt með þeim til að halda þarmaflórinni réttri. „Ég hef sjálf ágætis reynslu af Bio-Kult Candéa því fyrir tveimur árum þurfti ég að vera á sterkum sýklalyfjakúr vegna sýkingar og Bio-Kult hjálpaði mér mikið af því að ég fékk sveppasýkingu út frá lyfjagjöfni. Þar sem ég hafði ágætis reynslu af Bio-Kult vörum ákvað ég að prófa Bio-Kult Infantis fyrir strákinn. Það gengur mjög vel þar sem það er algjörlega bragðlaust og leysist vel upp en hann fær eitt bréf á dag út í drykk. Það er líka svo frábært að þessar vörur þarf ekki að geyma í kæli og því ekkert mál að taka þetta með hvert sem farið er.“



NÓG AF OMEGA-3
Ástu hefur reynst erfitt að gefa syni sínum Oomega-3. Hún gefur honum nú Bio-Kult Infantis en í því er eitt milligramm af omega-3 í hverjum skammti. Sjálf notar hún líka Bio-Kult vörurnar og lætur vel af þeim.
MYND/GVA
Nánari upplýsingar á www.icecare.is



BREYTING TIL BATNAÐAR Litla dóttir þeirra Sigríðar og Ásgeirs var með mjög slæmt bakflæði en Bio-Kult Infantis hefur reynst vel gegn því.
MYND/VALLI

MÆLA MEÐ BIO-KULT

Bio-Kult og Icecare styðja við bakið á kvennaliði Fylkis í knattspyrnu. Stelpurnar eru ánægðar með Bio-Kult-vörurnar og mæla með þeim.

Kvennalið Fylkis hefur náð góðum árangri í sumar í Pepsi-deildinni í fótbolta. Leikmenn liðsins hafa notað Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original og líkar það vel. Þær mæla með vörum enda allar ánægðar með þær.

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla og sem vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum. Candida-sveppasýking getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki svo sem munnangur, fæðuþol, pírringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsvíði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.



STUÐNINGSAÐILI Bio-Kult og Icecare styðja við bakið á stelpunum í Fylki. MYND/DANIEL

NÝJUNG FRÁ BIO-KULT FYRIR BÖRN

Bio-Kult Infantis er vísindalega þróuð blanda af vinveittum gerlum fyrir börn á öllum aldri.

Sigríður Alma Gunnsteinsdóttir og Ásgeir Haukur Einarsson eiga litla dóttur sem fæddist með mjög slæmt bakflæði. „Meltingarvegurinn í litlu stelpunni okkar var myndaður strax þegar hún var eins dags gömul því uppköstin voru mjög mikil. Við vissum því að það voru engar þrengingar á meltingarveginum sem orsökkuðu uppköstin heldur var ástæðan sú að magaopið var slakt og hleypti því fæðunni bæði upp og niður,“ segir Sigríður.

gerir henni bara gott. Við hvetjum foreldra í svipaðri stöðu að prófa þessa náttúrulegu gerla því ef þeir geta hjálpað fleiri börnum þá er það þess virði að prófa, barnanna vegna.“

GOTT FYRIR MELTINGUNA

Bio-Kult Infantis er vísindalega þróuð blanda af vinveittum gerlum fyrir ungbörn og börn á öllum aldri. Það inniheldur sjö gerlastrengi af mismunandi mjólkursýrugerlum. Reynsla og rannsóknir sýna að gerlarnir styrkja og bæta bæði meltinguna og heilsuna.



Í Bio-Kult Infantis er hátt hlutfall af omega-3 eða eitt milligramm í hverjum skammti. Rannsóknir hafa sýnt fram á að omega-3 leikur nauðsynlegt hlutverk í myndun heilafurmu. Einnig hefur verið staðfest að omega-3 hefur bólguhamlandi áhrif og er styrkjandi fyrir ónæmiskerfið.

„Það var búið að prófa nokkur lyf á stelpunni en við sáum aldrei neinn mun á uppköstunum. Okkur var sagt að bíða róleg því magaopið myndi þroskast með tímanum. Þegar við prófuðum Bio Kult Infantis þá sáum við strax mikla breytingu til hins betra. Við prófuðum nokkrum sinnum að sleppa því að gefa henni duftið en þá fóru uppköstin alltaf aftur að aukast,“ bætir Ásgeir við.

Bio-Kult Infantis inniheldur fimmtíu prósent af ráðlögðum dagskammti af D3-vítamíni en flestir þekkja gagnsemi D-vítamíns. Einnig er í vörnunni blanda efna sem styrkja meltinguna og fyrirbyggja niðurgang. Enginn viðbættur sykur, litar-, bragð- eða aukaefni eru í vörnunni.

„Núna er stelpa okkar orðin eins árs og við gefum henni enn þá Bio-Kult Infantis því það er auðsjáanlega gott fyrir meltinguna hjá henni. Okkur líður vel með að gefa henni Bio-Kult Infantis því þetta eru aðeins náttúrulegir gerlar, omega 3 og D-vítamín svo það

UMBYLTING Á HEILSUNNI

Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi hefur náð betri heilsu með notkun Bio-Kult Original. „Forsagan er þannig að ég var mjög veik í mörg ár. Ég ákvað að taka málin í mínar hendur og breytti mataræðinu alveg en náði samt ekki alveg fullri heilsu. Ég hóf þá að kynna mér hvað góðir gerlar geta gert fyrir heilsuna. Ég fann eftir mikla leit á netinu og víðar að sennilega vantaði mig einn ákveðinn geril í meltingarflóruna en það er svokallaður jarðargerill (e. Bacillus Subtilis). Ég fór að leita að lifandi gerla-blöndum hér á landi sem innihalda þennan geril en það virtist ekki vera í neinu nema Bio-Kult Original-vörnunni. Ég ákvað að prófa, og viti menn, það varð algjör umbylting á heilsunni hjá mér!“



MIKIL HEILSUBÓT Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi byggir meðmæli sín með Bio-Kult Original á eigin reynslu.

BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflór-una. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.



Til að fá nánari upplýsingar um vöruna heimsækið Facebook-síðu Bio-Kult Candéa.

SÖLUSTAÐIR: Apótek, heilsuverslanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.

MIKILL HEIÐUR AÐ TAKA ÞÁTT

HÖNNUN Þrjú íslenskir hönnuðir og listamenn taka þátt í Evrópska gler- og leirlistatvíværingnum í ár. Tíu þúsund evrur verða veittar tveimur þátttakendum á sýningunni sem þykja skara fram úr. Sýningarnar verða opnaðar í dag og standa fram til loka nóvember.

Við vorum þrjár valdar fyrir Íslands hönd til að sýna okkar verk á þessari stóru sýningu. Það er ótrúlega skemmtilegt og mikill heiður," segir Hanna Dís Whitehead vöruhönnuður en hún, ásamt Hildi Ýri Jónsdóttur skartgripahönnuði og Ingibjörgu Guðmundsdóttur keramiklistamanni, tekur þátt í Evrópska gler- og leirlistatvíværingnum í Danmörku, European Ceramic Context 2014 í Bornholm.

Sýningarnar eru tvær og má þar sjá verk eftir 95 listamenn frá þrjátíu Evrópulöndum: Ceramic Art þar sem sýnd eru verk listamanna og hönnuða sem hafa starfað í lengri tíma, og New Talent þar sem eru verk eftir hönnuði og listamenn yngri en 35 ára.

Hildur Ýr sýnir á Ceramic Art en Hanna Dís og Ingibjörg sýna á New Talent. Sýningarnar verða opnaðar í dag og standa fram til loka nóvember.

„Hér er hægt að sjá þverskurð af því sem er að gerast í keramikheiminum í Evrópu," segir Hanna Dís. „Það verður frábært að hitta keramikmeistara svona víða að og styrkja tengslanetið, fá nýjar hugmyndir og sjá hvernig vinna má með efnið á öðruvísi hátt. Ég get vel ímyndað mér að einhverjir framleiðendur og aðilar frá galleríum og söfnum skoði sýningarnar svo að það geta ýmis tækifæri falist í að taka þátt.“

Sérstök valnefnd mun einnig velja einn listamann af hvorri sýningu sem hún telur skara fram úr. Verðlaunin eru 10.000 evrur, eða um 1,5 milljónir íslenskra króna.

„Valnefndin skoðaði verkin fyrir helgi og mun tilkynna um verðlaunahafa um helgina. Það verður mjög spennandi," segir Hanna Dís, sem hlakkar til að eyða helginni ytra.

„Það eru margar sýningar samhliða þessari í gangi hér á svæðinu svo það verður stíft prógramm að skoða yfir helgina. Við sendum vörurnar okkar út fyrir mánuði og þurftum því ekkert að stressa okkur á því að setja upp sýninguna. Við mætum bara og njótum," segir Hanna Dís.

DIALOG Verk eftir Hönnu Dís Whitehead sem hún sýnir á New Talent, Evrópska gler- og leirlistatvíværingnum í Danmörku.



REACTION OF DWELLING Verk eftir Ingibjörgu Guðmundsdóttur sem sýnt er á New Talent.



MELTING TOGETHER Verk eftir Hildi Ýri Jónsdóttur skartgripahönnuð en hún sýnir á Ceramic Art.



MIKILL HEIÐUR Hanna Dís Whitehead vöruhönnuður er einn þeirra þriggja íslensku listamanna og hönnuða sem valdir voru til þátttöku á Evrópska gler- og leirlistatvíværingnum í Danmörku. MYND/GVA

STYRKJA TENGLIN

„Það verður frábært að hitta keramikmeistara svona víða að og styrkja tengslanetið, fá nýjar hugmyndir og sjá hvernig vinna má með efnið á öðruvísi hátt.“

OPIÐ ALLA HELGINA KL. 10-19!

RISALAGERSALA á Fiskislóð 39



Allt að **90%** afsláttur

99 kr.

þegar öllu er á botninn hvolft



Kaffi og kleinur, pylsur og djús frá kl. 13:00

*Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Ef keypt er fyrir 6.000 kr. eða meira fylgir gjöf.



Gjafir fyrir öll tækifæri!

Yfir **4000** titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Ævar vísindamaður kemur kl. 14:00

FJÖLSKYLDUSTEMMING LAUGARDAG!

*Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.



comma,

HÖFUM OPNAÐ Í SMÁRALIND

Kvenlegt, fágað, fallett og töff - Eitthvað sérstakt í hverri comma flík fyrir það sérstæða í hverri konu.



Smári Kristófersson, smiður hjá Kjarnagluggum, við vinnu sína.

MYND/VALLI



Halldór Hreinsson hjá Kjarnagluggum með glugga í glugga, þ.e. nýr gluggi er settur í gamlan trékarm.

Viðhaldsfrír plastgluggar fyrir þá sem gera gæðakröfur

Kjarnagluggar kynna nýjung á markaðnum þar sem nýir plastgluggar eru settir í gamlan trékarm. Gluggi í glugga er góður kostur hvað varðar kostnað þegar endurnýja þarf gömlu gluggana. Gluggarnir hafa góða einangrun og eru úr vönduðu PVC-U plastefni.

Fyrirtækið Kjarnagluggar hefur framleitt vandaða glugga frá árinu 1988 og hefur fylgt ströngustu kröfum hvað varðar alla meðhöndlun og samsetningu. Efnið kemur frá REHAU í Þýskalandi sem er framarlega í framleiðslu plastefna til byggingariðnaðar. Gluggarnir eru allir úr PVC-U plastefni sem hefur reynt afar vel.

Halldór Hreinsson er framkvæmdastjóri og eigandi Kjarnaglugga. Hann segir að marghólfður prófíll geri það að verkum að gluggarnir hafi góða einangrun og nýtist því sem hljóðeinangrun. Það hent sérlega vel við fjölfarnar umferðargötur eða þar sem önnur hávaðamengun er.

„Mikil aukning hefur orðið í notkun plastglugga og hurða í einbýlis- og raðhúsum en endingin er margfalt meiri heldur en þar sem trégluggar eru notaðir. Þar utan losna íbúðareigendur við viðhald og málningargöngu. Halldór segir að sumarbústaðaeigendur hafi í auknum mæli valið plastglugga frá Kjarnagluggum og sömuleiðis eigendur eldri húsa.

Þessir gluggar hafa verið mikið notaðir í fyrirtækjum þar sem gerðar eru miklar kröfur um hreinlæti svo sem í matvælaframleiðslu. Einnig hafa Kjarnagluggar smíðað glugga fyrir nútíma tölvustýrð fjós.

Hér sést vel hvernig þverskurður lítur út þegar nýr gluggi er settur í gamlan trékarm.



PVC-U plastefnið stenst fullkomlega alla staðla sem gerðir eru til glugga hérlendis og uppfyllir ströngustu gæðakröfur. „Við höfum notað þessa glugga í allar tegundir bygginga, hvort sem um ræðir íbúðarhús, iðnaðarhúsnæði eða útihús. Vegna þess hversu einangrunargildið er gott getur það lækkað hitunarkostnað hússins umtalsvert.

Hvít er aðalliturinn hjá Kjarnagluggum en ef viðskiptavinurinn óskar eftir öðrum litum er orðið við því. „REHAU er eitt stærsta fyrirtæki í Evrópu í framleiðslu plastefna og er leiðandi á því sviði,“ segir Halldór. „Gluggar frá okkur eru því gæðavara úr hágæða efni. Í margbreytilegu veðurfari eins og hér á landi þarf glugginn að standast álagið. Varan þarf að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru um einangrunargildi. Lamir og lokunarþúnaður á að vera ryðfrír og þola þetta álag. Við leggjum metnað okkur í að fylgja öllum slíkum kröfum og höfum hagsmuni viðskiptavina okkar í forgangi,“ segir Halldór.

Gluggi í glugga

Gluggi í glugga er nýjung hjá Kjarnagluggum sem hefur verið vel tekið. Hægt er að spara mikinn vinnukostnað með því að setja PVCu plastgluggann í glerfalsið á gamla tréglugganum. Fjar-



Húsnæði Kjarnaglugga við Selhelli 13 í Hafnarfirði.

lægja þarf gamla pósta en karmurinn er látinn standa. Síðan er nýi glugginn látinn setjast í glerfalsið á gamla glugganum. Það sem stendur útaf á gamla karminum að utanverðu er klætt með veðurkápu og þétt með kitti í kringum gluggann og eftir stendur nýr viðhaldsfrír gluggi. Gluggi í glugga er góður kostur hvað varðar kostnað þegar endurnýja þarf gömlu gluggana.

Gott að hafa í huga:

Gluggarnir eru framleiddir úr PVC-efni sem upplitast ekki og

þolir sólarljós. Öll opnanleg fög eru yfirfelld með tvöfaldrí þéttingu, ryðfríum lómum og tveggja punkta læsingu.

Glerið í glugganum frá Kjarnagluggum ehf. er 28 mm að heildarþykkt sem gerir alla einangrun mun meiri, hvort heldur sem er í föstum glugga eða opnanlegu fagi. Öll opnanleg fög eru auðveld í meðhöndlun.

Hægt er að fá gluggana í ýmsum stærðum og gerðum, allt eftir þörfum viðskiptavinarins. Hægt er að velja um glerjun á gluggum jafnt að utan sem innan.

Öll opnanleg fög á gluggum hafa næturofnun og læsingu á húnnum sem gerir það að verki að illmögulegt er að spennna þá upp.

Hvar erum við?

Kjarnagluggar eru staðsettir í Selhelli 13 í Hafnarfirði. „Við erum ávallt reiðubúnir að veita faglega ráðgjöf þegar kemur að gluggaskiptum eða aðstoða við úrvinnslu verkefna,“ segir Halldór.

Kjarnagluggar ehf., Selhelli 13, 221 Hafnarfirði, sími 554 2800.

Netfang: gluggar@kjarnagluggar.is
Heimasíða: kjarnagluggar.is



NOTAGILDID HEFUR AUKIST

Á undanförunum árum hefur notagildi glers aukist til muna og það er notað á fjölbreyttari hátt en áður tíðkaðist. Færst hefur í vöxt að nota gler í stigahandrið og jafnvel tröppurnar líka. Hert gler er notað í handriðið og það setur skemmtilegan, nútímalegan og léttan svip á umhverfið.

Gler hefur sömuleiðis verið notað í vegg innanhúss, rennihurðir og til að loka af sturtuklefa. Notkunarmöguleikar glers eru margvíslegir. Glerborð hafa lengi þekkt og sumir setja glerplötu yfir venjulegt borðstofuborð til að breyta svip þess.

Á sumum nýbyggðum eða nýuppgerðum hótélherbergjum er baðherbergið með glerveggjum. Einkum er þetta gert í litlum hótélherbergjum en glerið stækkar rýmið og gerir það bjartara.



GLUGGAR VORU UPPHAFLEGA AÐEINS GÖT

Fyrstu vísar að gluggum voru göt í veggjum. Síðar var farið að hylja götin með dýraskinni, klæði og víði. Viðarhlerar sem hægt var að opna og loka komu síðar.

Með tímanum var farið að búa til glugga sem skýldu íbúum fyrir veðri og vindum en hleyptu jafnframt birtu í gegn. Gerðar voru ýmsar tilraunir með efnivið og eru meðal annars dæmi um að notuð hafi verið dýrahorn og marmari til að hylja gluggaop.

Í Austurlöndum fjær var notaður pappír til að fylla upp í glugga. Rómverjar í Egyptalandi voru fyrstir til að nota gler í glugga um 100 árum eftir Krist. Það liðu þó yfir þúsund ár þar til gluggaglerið var orðið það gott að hægt var að sjá í gegnum það.

RISASTÓR GLERBYGGING

Crystal Palace í London var byggð úr járni og gleri fyrir The Great Exhibition árið 1851. Höllin var 92 þúsund fermetrar og var þar sýnt allt hið nýjasta í tækni sem þróað var á dögum iðnbyltingarinnar.

Byggingin, sem hönnuð var af Joseph Paxton, var 564 metra löng og lofthæðin var upp á 39 metra. Á þeim tíma var Crystal Palace sú bygging sem hvað mest gler var notað í og heillaði hún áhorfendur með sínum gegnsæju veggjum og þaki. Engar ljósakrónur þurfti í bygginguna, sem eyðilagðist í bruna árið 1936.

Nafnið Crystal Palace er enn í dag notað til að auðkenna þann hluta af Suður-London sem höllin stóð á og garðinn sem umkringir staðinn. Heimavöllur knattspyrnuliðsins Crystal Palace er í garðinum og er liðið kennt við bygginguna.




Ultraflex gluggaopnarar

Ultraflex gluggaopnarar eru auðveldir í uppsetningu og henta fyrir glugga í mismunandi hæð. Fjöldi lausna er í boði fyrir flestar gerðir glugga.



UCS VEGA 230V

Mjög nettur rafknúinn gluggaopnari úr áli, drifinn keðju úr ryðfríu stáli, sérlega auðveldur í uppsetningu. Hentar vel fyrir glugga með gardinum. Átakið er staðsett í miðju opnarans. Fáanlegur með og án fjarstýringar. UCS 230 V, 230V 24 VDC, 300 mm stöðluð opnun.



UCS KEÐJUOPNARI

Handknúinn gluggaopnari með keðju og sveif sem hentar jafnt fyrir glugga með lamir að neðanverðu sem ofanverðu og hátt upp í opnanleg fög. Á stóra glugga er möguleiki að nota tvo opnara. Auðvelt er að komast að þrifum.



UCS SINTESI 230V

Rafknúinn öflugur gluggaopnari, keðjudrifinn, einfaldur í uppsetningu, auðvelt að komast að þrifum. UCS 230 V, 250 mm eða 380 mm opnun.



Leitum við ekki alltaf að fullkominni samsömun? Lausnin er fundin!

NÝJUNG

Nordic
Moisture Match

24^{TÍMAR}
RAKI

Mýkjandi og létt krem fyrir
venjulega og blandaða húð

Létt UV-fljótandi krem
sem gefur þreyttri húð
meiri ljóma

Rakagefandi og fyllandi krem
fyrir þurra og mjög þurra húð

Mattandi og frískandi krem
fyrir feita og blandaða húð



Hvernig er húðgerð þín?

Feit, venjuleg, þurr eða þreytt? – óháð því hver húðgerð þín er finnst nú klæðskerasniðin formúla sem mætir sérhverjum þörfum.

Dekraðu við sjálfa þig með kremi sem er gætt frábærum rakagefandi eiginleikum:

- Gefur samstundis raka
- Rakagefandi í 24 tíma

 /garniericeland

Take care.
GARNIER

Söngvari einn góðan veðurdag

Kristinn Sigmundsson óperusöngvari er orðinn þjóðsagnapersóna í lifanda lífi. Söngferill hans spannar yfir þrjátíu ár og enn þeytist hann milli heimsálfa og syngur í virtustu óperuhúsum veraldar. Hann æfir nú eitt magnaðasta bassahlutverk tónbókmenntanna í Hörpu í óperunni Don Carlo. Gunnþóra Gunnarsdóttir tyllti sér niður hjá Kristni í tónlistarhúsinu.

Gunnþóra
Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Kristinn er að koma úr kennslu í Listaháskólanum en gefur sér tíma í viðtal áður en æfing hefst í Hörpu á Don Carlo eftir Verdi. „Það er óralangt síðan ég hef tekið þátt í æfingaferli með Íslensku óperunni, líklega ekki síðan 1989 í brúðkaupi Fígarós,“ segir hann. „Síðan hef ég sungið sem gestur í tveimur sýningum, Rigolletto á Listahátíð 1992 og Rakaranum í Sevilla 2002.“

Það eru sem sagt 12 ár frá því Kristinn söng síðast í óperu hér. Nú er hann í hlutverki Philippusar konungs, föður Don Carlosar, sem óperan heitir eftir, og er valdamikill. „Þetta er söguleg ópera og óskaplega dramatísk,“ segir Kristinn. „Philippus II var aðalmaðurinn í heiminum á sextánda öld, hann átti lönd um allan heim og var í eilífum erjum. Það fléttast svo margt inn í söguna. Þetta er Spánn á tímum rannsóknarréttarins, saga um átök hjóna, átök föður og sonar og það eru líka átök milli kóngsins og kirkjuvaldsins. Drottningin var áður heitbundin Don Carlo, syni konungsins, sem ber enn heitar tilfinningar til hennar og kónginn grunar að þau eigi í ástarsambandi. Svo þetta er samansúrtað og flott drama og sagan safarík auk þess sem músíkin er algerlega stórkostleg. Það er líka góður hópur sem er að vinna hér saman.“

Guðmundur Jóns góður kennari

Kristinn hefur sungið þrjú hlutverk í Don Carlo áður, þar á meðal hlutverk Philippusar konungs. En skyldi hann hafa tölu á þeim hlutverkum sem hann hefur þurft að lifa sig inn í um ævina? „Nei, en ég giska á að þau séu 60 til 70. Ég hef líka lengi verið að. Átti 30 ára sviðs-afmæli í hittifyrri.“

Hann kveðst hafa byrjað að læra söng hjá Guðmundi Jónssyni óperusöngvara. „Guðmundur var svakalega góður kennari og hafði mikil áhrif á mig. Mér finnst alltaf eins og hann hafi kennt mér að minnsta kosti 80 til 85% af því sem ég kann. Svo fór ég til Vínarborgar og lærði hjá konu sem heitir Helene Karusso og síðasti kennari minn var John Bullock í Bandaríkjunum. Ég var heppinn með kennara og líka hvaða röð var á þeim.“

Kristinn lærði líffræði í háskólanum og kveðst hafa orðið söngvari smátt og smátt, án þess að ákveða það beint. „Einn góðan veðurdag var ég bara orðinn söngvari,“ segir hann. „Var mikið í kórum og söng sóló í þeim og fór svo til Guðmundar og þannig vatt þetta upp á sig.“ Fyrsta óperuhlutverkið var í Sígaunabaroninum 1982. „Eftir það fór ég til Vínar, kom svo heim, var í fleiri óperusýningum, söng við jarðarfari og kenndi og fór svo til Bandaríkja-anna í frekara nám,“ rifjar hann upp.


Óspennandi líf í augum margra

Þótt Kristinn hafi búið á Íslandi að nafninu til frá árinu 1994 hefur megnið af vinnu hans farið fram erlendis. „Þetta er fyrsta haustið sem ég er heima í 20 til 30 ár,“ segir hann og maður hugsar ósjálfrátt til eiginkonu hans, Ásgerðar Þórisdóttur hjúkrunarfræðings. Svo næsta spurning er: Hvernig gengur svona hjónaband upp?

„Það gengur ágætlega. Við Ásgerður giftum okkur 1973 og höfum átt farsælt hjónaband. Hún kemur oft og heimsækir mig ef ég er úti lengur en hálfan mánuð og svo reyni ég að vera alltaf heima á sumrin. Hægt og rólega er ég svo að minnka þessa vinnu úti, mig er farið að langa að vera meira heima. Ásgerður hefur verið eins og sjómanskona sem á mann í siglingum. Sá mikið um uppeldi sonanna tveggja sem nú eru uppkomnir.“

Spurningu um hvort villtar meyjar í erlendum borgum reyni að tæla myndarlega söngvara svarar hann rólega. „Menn geta auðvitað komið sér í klandur ef þeir vilja en glamúrlífið kringum óperur er miklu minna en fólk heldur. Að minnsta kosti hjá mér. Ég lifi mjög óspennandi lífi í augum margra. Þetta er hörd vinna sem gerir kröfur til fullrar einbeitingar. Ég fer hægt og rólega að geta sagt að ferillinn sé búiinn að vera langur og farsæll og ég þakka það vinnusemi númer eitt, tvö og þrjú.“

Kristinn kveðst yfirleitt hafa íbúð og bíl þar sem hann dvelur hverju sinni. En hvernig ver hann tómstundum sínum? „Ég tek mikið af myndum og leik mér með þær í tölvunni. Svo er ég forfallinn fluguveidimaður og á veturna hnýti ég flugur. Hlusta líka á tónlist og þá ekkert endilega óperutónlist, heldur sínfóníska tónlist og líka djass.“



HEIMA „Hægt og rólega er ég að minnka þessa vinnu úti. Bæði er að koma yngra fólk inn og svo er mig farið að langa að vera meira heima. Ásgerður hefur verið eins og sjómanskona sem á mann í siglingum. Sá að mestu um uppeldi sonanna tveggja sem nú eru uppkomnir,“ segir Kristinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dálítið dreifður

Mest kveðst Kristinn starfa í Bandaríkjunum. „Ég er reyndar dálítið dreifður. Ef ég tek bara síðasta ár þá var ég í Tókýó fyrst, svo í Strassbourg í Frakklandi, í Peking var ég líka og í Toulouse í Frakklandi. Síðan var ég í San Francisco í fyrrihaust og á þessu ári aftur í Frakklandi, Houston í Texas, og síðast í Chicago. Svo fer ég héðan eftir áramót til Los Angeles og verð þar fram á vor.“

Greinilega nóg að gera hjá stórsöngvaranum og gráa hárið spillir síður en svo fyrir, að hans sögn. En ef hann væri gráhærð kona, gengi það upp í óperunni? Hann viðurkennir að hafa ekki séð þær margar. „Þetta er miklu erfiðari bransi fyrir konur en karla. Færri hlutverk fyrir eldri dömur og svo endast þær ekki eins

lengi í þessu, raddlega. Bassasöngróddin er svo nálægt talróddinni að hún helst lengst en að syngja tenór er eins og hástökk eða sprett-hlaup,“ útskýrir Kristinn og telur sig standa vel raddlega séð. „Ég má bara ekki syngja ef ég er þreyttur og eftir því sem ég eldist er ég aðeins lengur að læra hlutverkin. Það er það eina.“

En getur hann valið sjálfur það sem hann syngur? „Já, óperustjórar og agentar sem ég vinn með vita nákvæmlega hvað passar mér og velja mig í hlutverk sem henta. Ef þeir gerðu það ekki þá liðu allir fyrir það, ekki bara ég heldur líka sýningin og húsið.“

Kristinn hefur frábæran frásagnarmáta og er í lokin rukkaður um skemmtisögu úr óperunni. „Það er oft voða gaman í óperunni en ég man enga virkilega myndna sögu, bara einhver

” Menn geta auðvitað komið sér í klandur ef þeir vilja en glamúrlífið kringum óperur er miklu minna en fólk heldur. Að minnsta kosti hjá mér.

smáatvik,“ segir hann afsakandi. „Ég man eftir sýningu á Rakaranum í Sevilla í Gamla bíói. Þetta er farsí og stundum var svo mikið hlegið í salnum að það smitaðist upp á svið. Karvel Pálmason þingmaður var einu sinni meðal áhorfenda og hló svo smitandi hlátri að þegar við vorum ekki að syngja snerum við okkur við í hláturskasti og lékum helminginn af senunni með bakhlutann í áhorfendur.“



HEILSA Í HAGKAUP

VALIN VÍTAMÍN Á AFSLÆTTI



TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



LEAN PRO 8
Hampað sem bragðbesta próteininu frá Labrada. Inniheldur nauðsynlegar aminosýrur. Varnar vöðva- niðurbroti. Átta mismunandi próteingundir sem vinna á mismunandi tímum.

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



NUTRAMINO
Próteindrykkir.

Nýtt

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



SPORT PRENNA

Nýtt í Hagkaup

TILBOÐ
399 kr/kg
v.á. 449



Bai5
Aðeins 5 kaloríur. Náttúruleg sætuefni - stevía og erythritol. Ríkt af andoxunarefnum.

Nýtt

GOTT
VERÐ
399 kr/stk



QNT SOGOOD!
Próteinstykki.

Nýtt

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



HAPPY
Lífrænar hnetur hjúpaðar súkkulaði eða kryddi.

Nýtt

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



RAUTT GINSENG
100 hylki x 500mg - Extra kröftugt!

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



VITA kókosvatn
Nýtur vinsælda meðal stjarnanna í Hollywood!

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



BURGER hrökkkex
Enginn viðbættur sykur.

TILBOÐ
15%
afsláttur á kassa



BIO-KULT
Öflug vörn gegn Candida sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla.

GOTT
VERÐ
397 kr/stk



SUPERBAR
Lífrænt. Enginn viðbættur sykur.



PARASNAKK
Enginn viðbættur sykur, msg né transfita.

Gott verð í Bónus 11.-14. sept



359
kr. 500g

Akursel
Lífrænar íslenskar
gulrætur 500g



259
kr. kg.



Íslenskar
gulrófur



259
kr. kg.



Hollenskar Perur



ENERGY DRINK
500 ml e

95
kr. 500ml



398
kr 125g



Bónus Lambhagablanda



20% afsláttur
Við kassa, verð áður 279 kr.

223
kr 120g



Bónus Lambhagasalat



179
kr. kg.



Hollensk Jonagold epli



498
kr pr.kg

Avocado í lausu

GOTT VERÐ Í BÓNUS

m&m 1 kg.
Partypokinn



1498
kr. 1 kg.

GOTT VERÐ Í BÓNUS

Góðan daginn!
Góður morgunmatur



10% afsláttur
Við kassann; verð áður 589 kr

530
kr. 518g.

10% afsláttur
Við kassann; verð áður 798 kr.

718
kr.2 kg

GOTT VERÐ Í BÓNUS

Ostapizza 300g
Margherita



198
kr. stk.

30% AFSLÁTTUR
Áður: 1598 kr.



1119
kr. 32 stk.


Prince Póló 32 stk. kassi

GOTT VERÐ Í BÓNUS

Fjóla WC pappír
9 x 240 blöð
100 KR. VERÐLÆKKUN
Verð áður: 898 kr. níu rúllur



798



Gott verð í Bónus 11.-14. sept

Ferskt Grísakjöt



1098
kr. kg.

Bónus ferskar grísakótilettur



659
kr. stk

Bónus ferskur grísabógur

Heill frosinn kjúklingur

639
kr. kg.

100 kr. VERÐLÆKKUN
Verð áður: 739 kr.kg

Ferskt Ungnautakjöt



GOTT VERÐ Í BÓNUS
100 kr. lækkun
Verð áður: 1695 kr.kg

1595
kr. kg.

Íslandsnaut: Ferskt ungnautahakk



498
kr. kg.

Íslandsnaut: 2 x 140 g ungnautahamborgarar

Lambakjöt af nýslátruðu Lambakjöt af nýslátruðu Lambakjöt af nýslátruðu

1495
kr. kg.

K.F. Ferskt lambalæri

1895
kr. kg.

K.F. Ferskur lambahryggur

Ferskt íslenskt lambakjöt af nýslátruðu

859
kr. kg.

Ferskt lambasúpukjöt 1.flokkur

295
kr. kg.

Kjarnafæði Fersk lambalifur



295
kr. kg.

Kjarnafæði Fersk lambahjörtu



VALD OG MAKTSÝKI Á EYÐIEYJUM

FLÆKJUSAGA

Illugi Jökulsson

furðar sig á því hvað maðurinn er alltaf fljóttur að efna til valdabaráttu og framaþots, þótt samvinna virðist affarasælli.



Sjö er töfratala, segir fólk. Ég hef aldrei fengið neina sérstaka skýringu á því af hverju allir virðast sammála um þetta, og hafa verið frá örófi alda. Ekki erum við með sjö fingur, ekki eru sjö sólar á himni. En nú hef ég fundið skýringuna. Ég las nefnilega um daginn að allar rannsóknir sem gerðar hafa verið á háttarni manna leiða víst í ljós að mesti hugsanlegi mannfjöldinn sem getur unnið saman án þess að byrja að skiptast upp í klíkur eða valdapiðramíða sé sex. Ef sjö eru samankomnir, þá fer fólk óhjákvæmilega að skipa sér upp; þá verða alltaf einhverjir „útundan“ í þeim skilningi að þeir fela öðrum að taka ákvarðanir fyrir sig. Stundum gera menn það sjálfviljugir og þá má segja að fulltrúalýðræði sé orðið til. En stundum taka hinir sterkustu í hópnum einfaldlega völdin og krumla einræðisins læsist um hinn sjö manna hóp.

Kenning mín er því sú að það séu valdapotar og félagsmálatróll sem hafa meðvitað eða ómeðvitað komið á þeim skilningi að sjö sé sú mikla töfratala, sem flestir virðast trúá. Því hinir maktsjúku vita af eðlishvöt rándýrsins að strax og sjö manna hóp er samankominn, þá sé hægt að fara

að ráðskast með hann, skipa málum, skipta í flokka, búa til valdastöður og síðast en ekki síst það sem er þeirra líf og yndi – berjast um völdin.

Þessi „kenning“ mín um töluna er auðvitað sett fram í gamni. En hitt er þó satt að það virðist þurfa ótrúlega lítinn hóp manna til að kveikja þörf sumra fyrir valdapot og einkavinavæðingar í ýmsum skilningi. Mér er ævinlega minnisstæð frétt úr seinni kvöldfréttatíma sjónvarpsins fyrir tuttugu árum eða svo, þetta var löng frétt og viðtöl við nokkra einstaklinga sem var mikið niðri fyrir og völdu hver öðrum hin verstu hrakyrði – en málið var harðsvíruð valdabaráttu í Dýraverndarfélagi Íslands, eða einhverju sambærilegu batterí. Og ég sat fyrir framan sjónvarpið og undradist stórum – ég hafði haldið að ef einhvers staðar gæti ríkt eindrægni og samvinnufýsi, þá væri það í svona sam-tökum. En svo reyndist þá ekki vera, og best að taka fram að eftir mínum skilningi ennist baráttan í dýraverndarfélaginu ekki um mismunandi áherslur í starfinu, heldur bara um eintóm „völd“ í kompaníinu.

Gullskipið

Þetta hafa auðvitað margir hugsað áður. Ég veit ekki hvort er enn þá lesin í skólum bókina Flugnahöfðinginn eftir enska rit-höfundinn William Golding, það var gert á minni tíð. Þetta er fin bók, minnir mig, og hún fjallar um einmitt þetta, maktsýkina sem virðist mannfólkinu í blóð borin. Hópur enskra skóladrengja verður strandaglópur á eyðieyju, en í stað þess að vinna saman að því að reyna að komast burt frá eyjunni leysist samfélag þeirra upp í valdabaráttu, klíkuskap og að lyktum kúgun og ofbeldi. Og spurningin er þessi – hafa drengirnir leiðst út í „villimennsku“ vegna þeirrar neyðar sem þeir búa við á eyjunni, eða kemur þeirra rétta mannlega eðli þvert á móti í ljós þegar hjúpur siðmenningarinnar máist af þeim?

Merkileg drög að svari við þeirri spurningu (jafnvel merkilegri en valdabaráttan í dýraverndarfélaginu!) má finna í sögunni um hollenska stórskipið Batavíu og örlög áhafnar þess. Og hér og reyndar í næstu



GULLSKIPIÐ Þessi eftirmynd Batavíu var smíðuð á árunum 1985-95.

grein líka ætla ég að rekja þá sögu, lesendum Fréttablaðsins til lærdóms.

Það var í október árið 1628 sem Batavía lagði úr höfn í hollenska bænum Texel. Skipið var í eigu Sameinaða hollenska verslunarfélagsins og í sinni jómfrúferð, glæsilegt kaupfar, og var ferðinni heitið til samnefndar borgar, Batavíu, á eyjunni Jövu í þeim eyjaklasa sem Evrópumenn kölluðu þá Hollensku Austur-Indíur einu nafni. Þá voru aðeins rúm hundrað ár síðan Evrópumenn hófu úthafsiglingar og landafundi en þeir voru komnir um allar koppagrundir með fána sína, virki og verslunarstaði; borgin Batavía heitir nú Djakarta, höfuðborg Indónesíu. Þaðan fluttu Hollendingar heim ofsadýr krydd, fínustu silklæði, gimsteina og margvíslegar gersemar. „Gullskipið“ sem Íslendingar kalla svo, Het Wapen van Amsterdam, var einmitt að koma drekkhlaði slíkum farmi þegar það fórst á Skeiðarársandi 1667. En 40 árum áður lagði Batavía sem sé upp í langa siglingu til Austur-Indía og voru 350 manns um borð, þar af 38 farþegar, karlar, konur og börn, en hinir voru sjómenn, kaupmenn og hollenskir hermenn. Skipstjóri var Ariaen Jakobsz, gamalreyndur skipstjóri og sagður afar góður sjómaður en um forystuhæfileika hans lék meiri vafi. Raunar var hann ekki æðsti stjórnandinn um borð, honum var ætlað að hlýða skipunum svokallaðs yfirkaupmanns, en sá háttur var hafður á á skipum Hollendinga. Og Jakobsz líkaði stórrilla að vera í reynd undirsáti yfirkaupmannsins um borð sem hét Francisco Pelsaert, ekki síst vegna þess að þeir voru kunnugir og höfðu áður eldað grátt silfur og erfðir siglingu varð gremja Jakobsz í garð Pelsaert æ meiri og kom margt til, meira að segja kvennamál því skipstjórinn reyndi ákaft að stíga í vænginn við gifta konu í hópi farþeganna sem Lucrezia hét en hún leitaði þá athvarfs hjá Pelsaert.

Uppreisn

Á siglingunni hafði Jakobsz eignast óvæntan bandamann í Jeronimusi Cornelisz, ungum manni, sem gegndi stöðu undirkaupmanns í leiðangrinum. Hann átti því að vera í liði Pelsaert en virðist fljótlega hafa farið að grafa illilega undan yfirmanni sínum. Um ævi Cornelisz fram að siglingunni er fátt markvert vitað, nema hvað hann kann að hafa tilheyrt róttækum trúflokki þar sem frjálslaga þótti farið með ýmis hinna strangari siðalgámala sem annars voru í hávegum höfð með hollenskum. Eftir að Pelsaert ávítaði Jakobsz opinberlega fyrir stórkaralegt fyllerí meðan staldrað var við í Höfðaborg tók skipstjórinn þá ákvörðun að gera uppreisn gegn yfirkaupmanninum og mun Cornelisz hafa hvatt hann mjög til dáða.

Fyrirhugað var að Pelsaert og helstu stuðningsmenn hans um borð yrðu teknir höndum, sömuleiðis sá flokkur hermanna sem um borð var, og þessir menn yrðu allir umsvifalaust teknir af lífi. Síðan legðu uppreisnarmenn hald á öll þau miklu fémæti sem um borð var. Skipið myndu þeir svo nota til sjórána, en Batavía var búin þó nokkrum fallbyssum og var í alla staði öflugt og hraðskreitt skip. Jakobsz



VELDI Hollendingar urðu forríkir á verslun sinni við fjarlægjar slóðir. Listir blómguðust. Jan Vermeer málaði þessa mynd af djörfum dáta og ungrí stúlku, en á veggnum er kort yfir siglingaleiðir og nýlendur.

